



**Stjórnsýslukæra - Aðgerðarleysi vegna loftmengunar í Reykjavík**

Bréf: t-póstur

Málsnúmer: 2023010211

Málalyklar: 25.24 Umhverfissvöktun

Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 05.06.2023

Dagsetning skjals: 05.06.2023

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Hrefna Hallgrímsdóttir"

<hrefna.hallgrimsdottir@irn.is>

---

Notandi: "Hrefna Hallgrímsdóttir" <hrefna.hallgrimsdottir@irn.is>

Dagsetning: 5.6.2023 12:48:42

Til: "USK Þjónustu netfang" <usk@reykjavik.is>

Efni: Stjórnsýslukæra

---

Góðan dag,

Ráðuneytinu hefur borist stjórnsýslukæra Aðalheiðar Jóhannsdóttur og Gunnlaugar Helgu Einarisdóttur þar sem kært er aðgerðarleysi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur vegna loftmengunar í Reykjavík.

Kæran ásamt fylgigögnum eru meðfylgjandi sem viðhengi og verða ekki send bréfleiðis nema þess sé sérstaklega óskað. **Vinsamlegast staðfestið móttöku.**

Ráðuneytið óskar hér með eftir gögnum og umsögn Reykjavíkurborgar vegna málsins.

Er þess óskað að umbeðin gögn berist í netfangið **irn@irn.is**, **eigi síðar en 26. júní nk.**

Með kveðju, Hrefna Hallgrímsdóttir

[IMAGE]

Notandi: "Aðalheiður Jóhannsdóttir - HI" [REDACTED]

Dagsetning: 2.4.2023 08:23:57

Til: "Innviðaráðuneyti" <srn@srn.is>

Afrit til: "Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti" <urn@urn.is>, registry@eftasurv.int

Efni: STJÓRNSÝSLUKÆRA

---

Meðfylgjandi er stjórnsýslukæra ásamt fylgiskjöllum, vinsamlega staðfestið móttöku

[REDACTED]




- ATT00001.jpg





- STJORNSYSLUKAERA-1-APRIL-2023.pdf



- F-4

vidbragdsaaetlun\_um\_loftgaedi\_3.pdf  - F-3 Svar við erindi undirrit - aðgerðir gegn

loftmengun Aðalheiður Jóhannsdóttir og Gunnlaug Einarisdóttir.pdf  - F-2 UPPHAFLEGT

ERINDI 21 JANUAR 2023.docx  - F-1 2023\_03\_01\_Gunnlaug Einarisdóttir\_NO2 á Grensás des 2022 og jan 2023.xlsx

Innviðaráðuneyti  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Sent á netfangið [irn@irn.is](mailto:irn@irn.is)

Vinsamlega staðfestið móttöku [REDACTED]

1. apríl 2023

## STJÓRNSÝSLUKÆRA

### Kærendur

Við undirritaðar Aðalheiður Jóhannsdóttir, [REDACTED],  
[REDACTED], og Gunnlaug Helga Einarsdóttir, [REDACTED],  
[REDACTED], kærum hér með aðgerðarleysi  
heilbrigðisnefndar Reykjavíkur sem starfar samkvæmt 45. gr. laga nr. 7/1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir og í samræmi við önnur lög og reglur þar sem fjallað  
er um hlutverk og ábyrgð nefndarinnar.

### Kæruefni – kröfur

Kært er aðgerðarleysi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur vegna loftmengunar í  
Reykjavík, einkum af völdum NO<sub>2</sub> (köfnunarefnisdíoxíðs) sem mældist á Grensásvegi  
í lok ársins 2022 og í janúar 2023, en nefndin hvorki aðhafðist né greip hún til  
raunverulegra aðgerða í samræmi við fyrirmæli laga og reglugerða svo koma mætti í  
veg fyrir eða draga úr menguninni.

Kærendur gera þá kröfu að innviðaráðherra aðhafist í skjóli sérstakra yfirstjórnunar-  
og eftirlitsheimilda sinna samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og grípi til  
aðgerða gagnvart heilbrigðisnefnd Reykjavíkur vegna framangreinds aðgerðarleysis  
og að nefndin fari að lögum eftirleidis við sambærilegar aðstæður og komu upp í  
desember 2022 og í janúar sl. svo tryggja megi ásættanleg loftgæði og draga úr hættu  
á heilsutjóni og dauðsföllum vegna loftmengunar í Reykjavík. Einnig gera kærendur  
þá kröfu að stjórnýsla heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur verði sérstaklega skoðuð, en  
eftirlitið virðist hafa tekið yfir lögbundið hlutverk heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

### Kæruheimild

Ákvæði 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. og 109. gr. sömu laga um  
stjórnýslueftirlit með sveitarfélögum. Einnig er minnt á frumkvæðiseftirlit

ráðuneytisins, sbr. 112. gr. laganna. Túlka ber framangreindar heimildir til samræmis við kröfur EES-réttar, sbr. nánar hér á eftir, þ. á m. um aðkomu aðila að slíkum málum.

### **Lögvarðir hagsmunir**

Kærendur búa og starfa í Reykjavík og eiga á hættu heilsutjón vegna aðagerðarleysis heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að koma í veg fyrir loftmengun í borginni og eiga þ.a.l. lögvarinna hagsmuna að gæta í samræmi við lög. Auk framangreinds býr annar kæranda og starfar innan 850 m loftlínu frá mælistöðinni á Grensásvegi.

### **Málavextir**

Í desember 2022 og janúar 2023 mældist styrkur NO<sub>2</sub> (köfnunarefnisdíoxíðs) í mælistöð Umhverfisstofnunar á Grensásvegi í Reykjavík ítrekað yfir viðmiðunarmörkum B-þáttar I. viðauka reglugerðar nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blýi í andrúmsloftinu, styrk ósons við yfirborð jarðar og um upplýsingar til almennings. Þrátt fyrir framangreint aðhafðist heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ekki eins og nefndinni ber að gera lögum samkvæmt og stefndi með því heilsu kæranda og annarra borgarbúa í hættu. Fyrir liggur að í lok fyrstu viku ársins 2023 var a.m.k. farið 30 sinnum (fylgiskjal 1) yfir klukkustundargildi reglugerðar nr. 920/2016, en einungis má fara 18 sinnum yfir þau á hverju almanaksári. Fyrisjánlegt er að sama staða muni koma upp á síðari hluta þessa árs verði ekki gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana af hálfu nefndarinnar til þess að tryggja loftgæði í Reykjavík.

Vegna framangreindrar stöðu loftgæðamála skrifuðu kærendur heilbrigðisnefnd Reykjavíkur erindi, dags. 21. janúar 2023 (fylgiskjal 2), sem barst heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sama dag. Í tölvupósti frá eftirlitinu sagði að erindið væri mótttekið og yrði sett í viðeigandi farveg (fylgiskjal 3). Með vísan til lagalegrar ábyrgðar heilbrigðisnefndar Reykjavíkur á loftgæðamálum í borginni og ástandsins sem ríkti hafði í desember 2022 og janúar sl. vegna styrks NO<sub>2</sub> á Grensásvegi, óskuðu kærendur eftir upplýsingum um til hvaða ráðstafana heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefði gripið samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 920/2016 í því skyni að bregðast við niðurstöðum mælinganna vegna styrks NO<sub>2</sub> svo tryggt yrði að ekki væri farið yfir klukkustundargildin samkvæmt B-þætti I. viðauka tilvitnaðrar reglugerðar. Hafi ekki verið gripið til tiltekinna ráðstafana eða sett aðgerðaráætlun í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar var jafnframt skorað á heilbrigðisnefnd að gera slíkt tafarlaust. Kærendur vöktu einnig athygli heilbrigðisnefndar á rétti borgaranna til þess að knýja á um framangreint samkvæmt EES-rétti. Yrði ekki brugðist við tafarlaust var óskað eftir leiðbeiningum um kærheimild vegna athafnaleysis.

Erindi kæranda og áskorun var svarað með bréfi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 8. febrúar 2023. Af svarbréfinu er ljóst að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur greip ekki til neinna tiltekinna ráðstafana samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 920/2016 og varð ekki við áskorun kæranda. Í svarbréfinu er vísað til þess að Reykjavíkurborg hafi sett sér viðbragðsáætlun um loftgæði árið 2009 sem tæki til skammtímaaðgerða sem gripið væri til þegar loftgæði væru slæm eða líkur væru á því að þau yrðu það (fylgiskjal 4).

Sendar væri út viðvaranir og tilkynningar þegar loftgæði væru slæm og hvatt til þess að dregið væri úr umferð, vistvænn ferðamáti notaður og þeir sem væru viðkvæmir væru sérstaklega varaðir við. Að öðru leyti kom efnislega fram í svari heilbrigðieftirlitsins að heimildir reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði væru ófullnægjandi og þótt umferðarlög nr. 77/2019 innihéldu heimild til þess að takmarka umferð vegna mengunar væri undirbúningsvinnu við útfærslu í reglugerð ólokið. Varðandi leiðbeiningar um kærheimild, sem kærundur óskuðu eftir vegna athafnaleysis, taldi heilbrigðiseftirlitið með vísan til þess sem kom fram í svarbréfinu það ekki eiga við.

### **Rökstuðningur krafna**

Reglur sem varða loftgæði á Íslandi eiga flestar uppruna sinn að rekja til nokkurra tilskipana Evrópusambandsins (ESB) sem teknar hafa verið upp í Samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningur). Tilskipanirnar hafa verið innleiddar í réttarkerfið ýmist með tilteknum lagaákvæðum og/eða reglugerðum, sjá síðari umfjöllun. Tilgangur reglanna er að vernda og tryggja almannahagsmuni, en óumdeilt er að loftmengun hefur í för með sér heilsutjón og stuðlar að ótímabærum dauðsföllum. Í samræmi við meginreglur EES-réttar nægir ekki að innleiða EES-reglur í réttarkerfið, það verður einnig að vera tryggt að reglunum sé beitt eins og til er ætlast af viðkomandi stjórnvöldum og að borgararnir hafi úrræði til þess að fylgjast með stjórnvöldum og tryggja að farið sé að lögum. Að mati kæranda skortir verulega á að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafi fylgt framangreindum meginreglum, enda hefur viðkomandi reglum ekki verið beitt.

Við framkvæmd EES-reglna á Íslandi skiptir einnig máli dómaframkvæmd dómstóls Evrópusambandsins (ESB-dómstólsins). Hvað varðar loftgæðamál er sérstaklega bent á mál C-237/07, *Janecek*-málið, sem varðaði aðgerðarleysi stjórnvalds og skyldu þess til að bregðast við þegar hætta er á að loftmengun fari yfir leyfileg mörk og rétt einstaklings til þess að aðhafast beint gegn stjórnvaldi til þess að knýja á um aðgerðir.

Einnig er bent á 3. mgr. 9. gr. samnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum (Árósasamningur) sem hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði samningsins ber að tryggja almenningi aðgang að stjórnsýslu- og dómstólameðferð til þess að geta krafist þess að aðgerðir og aðgerðaleyfi af hálfu einstaklinga og stjórnvalda, sem ganga gegn ákvæðum landslaga um umhverfið, verði tekin fyrir.

Vegna aðildar Íslands að Mannréttindasamningi Evrópu er samhliða nauðsynlegt að taka mið af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Sá dómstóll hefur nokkrum sinnum fjallað um samspil skaðlegrar loftmengunar og vernd mannréttindanna sem varin eru af 8. gr. samningsins umfriðhelgi einkalífs og fjölskyldu, sbr. einnig 71. gr. stjórnarskrárinnar. Eins og dómaframkvæmd endurspeglar hafa ítrekað komið til kasta dómstólsins mál sem varða athafnaleysi einstakra samningsaðila (þ.m.t. staðbundinna stjórnvalda viðkomandi samningsaðila) að koma í veg fyrir skaðlega loftmengun. Þetta hefur leitt til þeirrar niðurstöðu

dómstólsins að viðkomandi ríki hefur mistekist að tryggja mannréttindin sem m.a. 8. gr. samningsins veitir einstaklingum (sjá yfirlit yfir úrlausnir dómstólsins [https://www.echr.coe.int/documents/fs\\_environment\\_eng.pdf](https://www.echr.coe.int/documents/fs_environment_eng.pdf)).

Hvað varðar lagastöðuna að öðru leyti skipta mestu tvær tilskipanir ESB. *Annars vegar* tilskipun ráðsins 96/62/EB frá 7. september 1996 um mat og stjórn á gæðum andrúmslofts, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/98, 31. júlí 1999, sbr. og innleiðingu með reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. *Hins vegar* tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2011, 21. október 2011 og sem leysti af hólmi tilskipun 96/62/EB samkvæmt ESB-rétti. Tilskipun 2008/50/EB ásamt viðaukum hefur að nokkru leyti verið innleidd í réttarkerfið með 36. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (sbr. breytingarlög nr. 144/2013, sbr. breytingarlög nr. 66/2017) og nokkru leyti með reglugerð nr. 920/2016. Þrátt fyrir gildistöku tilvitnaðrar reglugerðar hefur reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði ekki verið felld úr gildi. Í 15. gr. reglugerðar nr. 920/2016 segir að um aðgerðaáætlanir og ráðstafanir sem gilda á þeim svæðum þar sem hætta er á að farið verði yfir viðmiðunarmörk og á þeim svæðum þar sem styrkur er yfir viðmiðunarmörkum gildi ákvæði reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði.

Í 7. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1998 er m.a. fjallað um skyldu heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna að setja sér áætlun um loftgæði á sínu svæði. Skulu nefndirnar vinna viðbragðsáætlanir sem taka til skammtímaaðgerða varðandi loftgæði á þeirra svæði. Ef hætta er á að styrkur mengunarefna í andrúmslofti á tilteknu svæði eða tilteknum þéttbýlisstað fari yfir umhverfismörk samkvæmt ákvæðum í reglugerð skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd gera aðgerðaáætlun með það að markmiði að draga úr hættu sem af því ástandi stafar eða stytta tímabilið sem ástandið vari. Í aðgerðaáætluninni skal koma fram til hvaða skammtímaráðstafana verður gripið til að draga úr þeirri áhættu eða stytta þann tíma sem farið er yfir umhverfismörk.

Í 15. gr. reglugerðar nr. 920/2016 segir að um aðgerðaáætlanir og ráðstafanir sem gilda á þeim svæðum þar sem hætta er á að farið verði yfir viðmiðunarmörk og á þeim svæðum þar sem styrkur er yfir viðmiðunarmörkum gildi ákvæði reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 787/1999 skulu viðkomandi heilbrigðisnefndir semja aðgerðaráætlanir sem gilda skulu um skammtímaráðstafanir sem fylgja skal ef hætta er á að farið verði yfir umhverfismörk og/eða viðvörunarmörk og til að draga úr þeirri hættu sem slík atvik skapa og stytta tímenn sem þau vara. Í samræmi við 2. mgr. 15. gr. geta áætlanir samkvæmt 1. mgr. tekið til ráðstafana um aukið mengunarvarnaeftirlit, varnir og um stöðvun atvinnurekstrar og stöðvun eða takmörkun umferðar bifreiða ef mengun frá þessum uppsprettum á þátt í því að farið hefur verið yfir mengunarmörkin.

Auk framangreindra réttarheimilda skipta máli 2.–4. mgr. 85. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, en í 2. og 3. mgr. ákvæðisins er m.a. að finna heimild fyrir sveitarstjórn að takmarka eða banna umferð um stundarsakir vegna mengunar ásamt upplýsingum um

Í hverju takmarkanirnar geti falist, þ.m.t. eru aðgerðir sem varða takmörkun umferða bifreiða. Loks, sbr. 4. mgr., getur ráðherra í reglugerð sett nánari ákvæði um úrræði og við hvaða kringumstæður grípa megi til takmarkana samkvæmt 2. og 3. mgr. Þrátt fyrir framangreinda reglugerðarheimild hefur engin reglugerð verið sett, en fram kom í fjölmiðlum í janúar sl. að það væri mat innviðaráðuneytis að það væri ekki nauðsynlegt.

Hvað varðar viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um loftgæði (fylgiskjal 4) sem heilbrigðiseftirlitið vísar til í svarbréfi, dags. 8. febrúar sl., er rétt *í fyrsta lagi* að vekja athygli á því að áætlunin er ódagsett. Hún virðist upphaflega vera frá 2009 og hefur sætt breytingum 2012 og 2020 en ekki er hægt að rekja það. Framangreint er í andstöðu við sjónarmið um réttaröryggi og vandaða stjórnsýsluhætti. .

*Í öðru lagi* eru skammtímaaðgerðir til að bæta loftgæði, sem fjallað er um í viðbragsáætluninni (sjá töflu 4) og varða mengun af völdum NO<sub>2</sub>, ekki aðgerðaráætlun sem gilda skal um skammtímaráðstafanir í skilningi 15. gr. reglugerðar nr. 787/1999. Ef á hinn bóginn er litið svo á að skammtímaaðgerðir í viðbragðsáætluninni sé aðgerðaráætlun um skammtímaráðstafanir, er rétt að benda á að ein skammtímaaðgerð sem unnt er að grípa til vegna mengunar af völdum NO<sub>2</sub> er að takmarka umferð bifreiða sem brenna jarðefnaeldsneyti.

Skyldu heilbrigðisnefndar til að setja áætlun um skammtímaráðstafanir verður að túlka og skilja í ljósi þess að lögunum og reglunum er ætlað að innleiða skuldbindingar samkvæmt EES-rétti. Áætlanir um ráðstafanir verða að vera raunhæfar og virkar. Það myndi vart teljast fullnægjandi innleiðing á framangreindum skuldbindingum að mæla aðeins fyrir um og framkvæma vægustu mögulegu úrræði þegar fyrir liggur að þau eru ekki til þess fallin að ná árangri. Slík innleiðing og framkvæmd væri fremur til málamynda.

Þá verður heldur ekki annað ráðið af áðurgreindum réttarheimildum að heilbrigðisnefnd sé heimilt að grípa til ráðstafana þótt nefndin hafi ekki mælt fyrir um þær í áætlunum sínum.

*Í þriðja lagi* er ekki hjá því komist að benda á að samkvæmt viðbragðsáætluninni er vísað til þess að „viðbragðsteymi um bætt loftgæði“ (bls. 9) meti til hvaða aðgerða skuli grípa hverju sinni. Viðbragðsáætlunin hefur einnig að geyma verklagsreglur teymisins (bls. 11–12). Hvorki viðkomandi lög né reglugerðir útskýra hvernig viðbragðsteymið tengist heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, en svo virðist sem um heimatilbúna stjórnsýslueiningu sé að ræða.

Að síðustu er bent á að viðbragðsáætlunin hefur ekki sætt formlegri birtingu, þ.a.l. hefur hún ekki almenn réttaráhrif, en slík áhrif eru nauðsynleg svo tryggja megi hagsmuni borgaranna.

Með vísan til alls framangreinds er engum vafa undirorpið að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skorti ekki lagalegar heimildir til þess að bregðast við því ástandi sem

skapaðist vegna mengunar af völdum NO<sub>2</sub> og sem mældist á Grensásvegi í lok ársins 2022 og í byrjun þessa árs. Nefndin lét hjá líða að grípa til raunverulegra aðgerða í samræmi við skýr fyrirmæli laga og reglugerða svo koma mætti í veg fyrir lífshættulega mengun og tryggja almannahagsmuni.

Ljóst er að margþætt aðgerðarleysi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fer gegn lögum og viðkomandi reglugerðum sem gilda um loftgæði. Það fer auk þess gegn skuldbindingum EES-samningsins, dómaframkvæmd ESB-dómstólsins, sem taka skal mið af við túlkun EES-gerða, 3. mgr. 9. gr. Árósasamningsins og Mannréttindasamningi Evrópu.

Hvað varðar þann þátt kærunnar er lýtur að stjórnslu heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, en eftirlitið virðist hafa án lagaheimildar tekið yfir lögbundið hlutverk heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, þá benda kærendur á að ekkert bendir til þess að upphaflegt erindi kæranda, dags. 21. janúar 2023, hafi nokkru sinni borist nefndinni og því síður að hún hafi fjallað um það. Jafnframt benda kærendur á að heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í svari sínu frá 8. febrúar 2023 veitti ekki leiðbeiningar um kærheimild vegna athafnaleysis eins og kærendur óskuðu eftir og brást eftirlitið þannig leiðbeiningarskyldu sinni.

### **Ítrekun á meginkröfum**

Kærendur ítreka þá kröfu að innviðaráðherra aðhafist í skjóli sérstakra yfirstjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og grípi til aðgerða gagnvart heilbrigðisnefnd Reykjavíkur vegna framangreinds aðgerðarleysis og að nefndin fari að lögum eftirleidis við sambærilegar aðstæður og komu upp í desember 2022 og í janúar sl. svo tryggja megi ásættanleg loftgæði og draga úr hættu á heilsutjóni og dauðsföllum vegna loftmengunar í Reykjavík.

Einnig gera kærendur þá kröfu að stjórnslu heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur verði sérstaklega skoðuð, en eftirlitið virðist hafa tekið yfir lögbundið hlutverk heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,

Aðalheiður Jóhannsdóttir, [REDACTED]  
Gunnlaug Helga Einarsdóttir, [REDACTED]

### **Fylgiskjöl:**

1. Tölulegar upplýsingar um loftmengun í Reykjavík.
2. Bréf kæranda til heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, dags. 23. janúar 2023.
3. Svarbréf heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 8. febrúar 2023.
4. Viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um loftgæði.

Afrit sent umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, [urn@urn.is](mailto:urn@urn.is)  
Afrit sent Eftirlitsstofnun EFTA, [registry@eftasurv.int](mailto:registry@eftasurv.int)



Lögmál ehf.  
Magnús Óskarsson  
Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík

Reykjavík 7. júní 2023  
Tilv.: IRN23010179/4.13.1

Innviðaráðuneytinu barst erindi Magnúsar Óskarssonar lögmans, f.h. umbjóðanda síns Landverndar (hér eftir vísað til sem málshefjanda), sem mótttekið var 25. janúar sl., en af erindinu mátti ráða að í því fælist kvörtun vegna meintrar ólögmætrar stjórnslu sveitarfélagsins Reykjavíkurborgar. Nánar tiltekið var kvartað undan því í erindinu að Reykjavíkurborg hafi ekki sinnt lögboðnum skyldum sínum við eftirlit á loftgæðum og aðgerðum til að draga úr loftmengun og farið fram á að innviðaráðuneytið hefji frumkvæðisrannsókn á stjórnslu sveitarfélagsins á grundvelli eftirlitsheimilda ráðuneytisins sem fjallað er um í XI. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

#### *Eftirlitshlutverk innviðaráðuneytisins með stjórnslu sveitarfélaga*

Almennu eftirlitshlutverki innviðaráðuneytisins með sveitarfélögum er lýst í XI. kafla sveitarstjórnarlaga. Þar kemur meðal annars fram í 1. mgr. 109. gr. að ráðuneytið hefur eftirlit með stjórnslu sveitarfélaga og því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Eftirlit ráðuneytisins fer meðal annars fram með þeim hætti að ráðuneytið ákveður sjálf hvort tilefni er til að taka stjórnslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Taki ráðuneytið stjórnslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar getur ráðuneytið meðal annars gefið út álit eða leiðbeiningar um lögmæti athafna eða athafnaleysis sveitarfélags á grundvelli 1. eða 2. tl. 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Við mat á því hvort tilefni sé til að taka stjórnslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar lítur ráðuneytið til tiltekinna sjónarmiða sem fram koma í verklagsreglum sem birtar eru á vefsíðu ráðuneytisins, [www.irn.is](http://www.irn.is). Meðal þessara sjónarmiða eru hvort vísbendingar séu um að stjórnsla sveitarfélags samrýmist ekki lögum, hversu miklir þeir hagsmunir eru sem málið varðar, hversu langt er liðið frá því atvik máls áttu sé stað, hvort sá sem ber fram kvörtun er kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og hversu mikil réttaróvissa ríkir á því sviði sem málið varðar, þ.e. hvort þörf er á leiðbeiningum ráðuneytisins.

Við meðferð þessa máls kemur einnig sérstaklega til skoðunar hvort að atvik málsins heyri undir almennt eftirlit ráðuneytisins með stjórnslu sveitarfélaga, eins og því er lýst í 109. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar kemur fram að innviðaráðuneytinu sé falið að hafa eftirlit með því að stjórnsla sveitarfélaga sé í samræmi við lög, að því leyti sem öðrum stjórnvöldum er ekki falið með beinum hætti að hafa eftirlit með atvikum máls. Ákvæðið hefur verið túlkað af ráðuneytinu með þeim hætti að almenn heimild einstakra fagráðherra til að veita óbindandi álit um málefni sem stjórnarfarslega heyra undir þá er ekki nægileg til að ryðja ekki úr vegi því eftirliti sem ráðherra sveitarstjórnarmála er falið. Hefur ráðuneytið litið svo á að kveða þarf á um sérstakt eftirlitshlutverk stjórnvalds í lögum, auk þess sem stjórnvaldinu séu almennt veittar heimildir til að afturkalla eða endurskoða ákvarðanir sveitarfélags eða hafa sérstök úrræði til að framfylgja ákvörðunum sínum.



### *Nánar um atvik málsins*

Atvik þessa máls eru með þeim hætti að skv. mælingum Umhverfisstofnunar hefur styrkur köfnunarefnisdíoxíðs á tilteknum stað í Reykjavík farið reglulega yfir viðmiðunarmörk sem fram koma í reglugerð nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð o.fl. Er því haldið fram af hálfu málshefjanda að sveitarfélagið hafi ekki sinnt lögboðnum skyldum sínum vegna þessa og er sérstaklega vísað til 6., 15. og 16. gr. reglugerðar um loftgæði, nr. 787/1999, með síðari breytingum.

Í 15. gr. reglugerðarinnar kemur m.a. fram að viðkomandi heilbrigðisnefnd skuli semja aðgerðaráætlun sem gilda skuli um skammtíðaráðstafanir sem fylgja skal ef hætta er á að farið verði yfir umhverfismörk og/eða viðmiðunarmörk og til að draga úr þeirri hættu sem slík atvik skapa eða stytta tímann sem þau vara.

Í 16. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ráðstafanir sem grípa skal til á svæðum þar sem styrkur er yfir viðmiðunarmörkum og þar kemur m.a. fram að viðkomandi heilbrigðisnefnd eða Umhverfisstofnun, eftir því sem við á, ber ábyrgð á að gera viðeigandi ráðstafanir á svæðum þar sem styrkur eins eða fleiri mengunarefna er hærri en umhverfismörkin, svo að tryggja megi undirbúning eða framkvæmd fyrirhugaðra aðgerða eða áætlana á umhverfismörkum innan tiltekinna tímamarka.

Þá segir í 6. gr. reglugerðarinnar að Umhverfisstofnun, eða viðkomandi heilbrigðisnefnd eftir því sem við á, skuli gera ráðstafanir til að dregið sé úr loftmengun og umhverfismörk virt, fari loftmengun yfir umhverfismörk skv. einstökum reglugerðum þar að lútandi eða ef hætta er á slíku. Í ákvæðinu er kveðið á um heimildir heilbrigðisnefnda til að takmarka umferð eða aðra starfsemi á ákveðnum svæðum fari mengun verulega yfir gildandi umhverfismörk. Reglugerð nr. 787/1999 og reglugerð nr. 920/2016 eru báðar settar með stoð í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Við mat á því hvort að Umhverfisstofnun sé falið með beinum hætti að hafa eftirlit með atvikum málsins, sbr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga, telur ráðuneytið að jafnframt þurfi að horfa til 4. gr. reglugerðar um loftgæði, en þar kemur fram að heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins skulu sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt, en Umhverfisstofnun tók við hlutverki Hollustuverndar ríkisins með lögum nr. 90/2002. Samkvæmt 60. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heilbrigðisnefnd eða Umhverfisstofnun heimilt að beita viðkomandi aðila áminningu til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. lögum um hollustuhætti, reglugerðum, starfsleyfum eða samþykktum sveitarfélaga. Ef aðili sinni ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt.

Í ljósi framangreindra laga- og reglugerðarákvæða, þar sem fram kemur að bæði Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafi að gegna þeim hlutverkum sem fjallað er um í ákvæðunum, taldi ráðuneytið ástæðu til að óska eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort að stofnunin teldi að hún hafi með höndum eftirlit með þeim skyldum sem hvíla á sveitarfélögum skv. 15. og 16. gr. reglugerðar um loftgæði. Þá óskaði ráðuneytið jafnframt eftir afstöðu stofnunarinnar um hvaða skyldur hvíla á sveitarfélögum á grundvelli þeirra laga- og reglugerðarákvæða sem vísað er til að ofan, ef Umhverfisstofnun teldi að hún hefði ekki eftirlit með umræddum atriðum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar, sem barst ráðuneytinu þann 22. febrúar sl., fjallar stofnunin um eftirlitshlutverk sitt skv. lögum nr. 7/1998. Þar er reifað að stofnunin hafi eftirlit með framkvæmd laganna og hafi yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti. Í því felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu, sbr. 51. gr. laganna. Bent er á að í 52. gr. laganna komi fram að stofnunin skuli vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits og hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Í umsögn stofnunarinnar segir jafnframt að hún gefi út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.

Bent er á í umsögninni að nánari afmörkun samstarfs Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sé að finna í ákvæðum IX. kafla laganna um loftgæði. Í 7. mgr. 36. gr. laganna kemur m.a. fram að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu einar eða með samvinnu sín á milli gera áætlun um loftgæði á sínu svæði og hafa samráð við Umhverfisstofnun og aðrar heilbrigðisnefndir eftir því sem tók eru á.

Þá segir í umsögn stofnunarinnar:

„Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna eru sannarlega skilgreind sem eftirlitsaðilar í lögum nr. 7/1998 og fara því með mismunandi eftirlit í nánu samstarfi. Eftirlit þetta er jafnframt afmarkað við tiltekna starfsleyfisskylda starfsemi í viðaukum I, II og IV laganna. Beint eftirlit stofnunarinnar með heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna er því hvergi afmarkað með öðrum hætti, með vísan í 4. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, sbr. 15. gr. sömu reglugerðar. Slík túlkun er jafnframt í samræmi við 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 1. mgr. 1. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011, þ.e. að [s]veitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Hvergi er gert ráð fyrir því að áætlanirnar séu sendar til yfirferðar né samþykktar Umhverfisstofnunar. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði gerir ráð fyrir landsáætlun sem felur í sér ákveðnar megin línur sem um leið afmarka svigrúm sveitarfélaga. Er það síðan hlutverk sveitarfélaga að útfæra áætlanir á sínu svæði.

Varðandi 6. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, er það mat Umhverfisstofnunar að bak við heimildina sé ekki nægilega skýr lagastoð svo þar til bær stjórnvöld geti ráðist í afgerandi ráðstafanir til að stemma stigu við alvarlegri loftmengun svo sem takmarkanir á umferð. Auk þess myndu slíkar ráðstafanir skarast á við heimildir sveitarstjórnar eða Vegagerðarinnar samkvæmt umferðarlögum. Stofnunin telur sig einungis geta farið í ráðstafanir líkt og aukna upplýsingagjöf til almennings á grundvelli greinarinnar ella myndi hún brjóta gegn lögmatísreglu stjórnásluréttar þar sem skortur er á viðhlítandi lagaheimild í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig telur stofnunin að heimild Umhverfisstofnunar til íhlutunar gagnvart heilbrigðisnefndum yrði að vera skýr í lögum svo líta ætti á það hlutverk sem eftirlitshlutverk. Stofnunin telur hlutverk sitt afmarkast við ráðstafanir til að stuðla að samræmi milli svæða með þeim stjórnækjum sem lögin gera ráð fyrir, einkum leiðbeiningum. Reynt gæti á eftirlit ef framkvæmd heilbrigðisnefnda er ekki í samræmi við leiðbeiningarnar.

Varðandi valdsvið og þvingunarúrræði XVII. kafla laga nr. 7/1998, þá er ljóst að slík úrræði snúa iðulega að einstaklingum eða lögaðilum sem falla undir eftirlit Umhverfisstofnunar eða heilbrigðisnefnd sveitarfélaga.“

#### *Afstaða ráðuneytisins*

Ljóst er að mati ráðuneytisins að lög um hollustuhætti nr. 7/1998 og reglugerð um loftgæði sem sett er á grundvelli laganna, gera ráð fyrir að Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga fari með eftirlit með framkvæmd laganna í nánu samstarfi. Hins vegar, eins og fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar, hefur stofnunin ekki eftirlit með starfsemi heilbrigðisnefnda með beinum hætti auk þess sem stofnuninni eru ekki veittar heimildir til að bregðast við vanrækslu heilbrigðisnefnda í tengslum við framkvæmd laga nr. 7/1998 og reglugerða settum á grundvelli laganna.

Gæti því komið til þess að mati innviðaráðuneytisins, að athafnir eða athafnaleysi heilbrigðisnefnda sveitarfélaga kunni að falla undir hið almenna eftirlitshlutverk ráðuneytisins með stjórnáslu sveitarfélaga eins og það er skilgreint skv. 109. gr. sveitarstjórnarlaga. Á það sérstaklega við í þeim tilvikum þegar skyldur sveitarfélaga skv. lögum nr. 7/1998 eru afdráttarlausar og fyrir liggur mat þeirra aðila sem hafa yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, þ.e. umhverfis- og auðlindaráðuneytis og/eða Umhverfisstofnunar, að starfsemi viðkomandi heilbrigðisnefnda sé ekki í samræmi við lög eða óbindandi leiðbeiningar eða álit sem umræddir aðilar veita um þetta efni. Kæmi þá til skoðunar það

sjónarmið að þrátt fyrir að eftirlit með tilteknum málaflokki eða ákvörðunum sveitarfélaga sé hjá öðrum en ráðherra sveitarstjórnarmála, getur það verið hlutverk hans að framfylgja því að niðurstöðu slíks eftirlitsaðila sé framfylgt. Í þessu felst að hið almenna stjórnsýslueftirlit ráðherra sveitarstjórnarmála tekur við þegar sérstöku stjórnsýslueftirliti sem öðrum hefur verið falið sleppir. Sjá m.a. nánar Trausti Fannar Valsson: Sveitarstjórnarréttur. Reykjavík 2014, bls. 302 og Jens Garde og Karsten Revsbech: Komunalrett (3. útg.). Kaupmannahöfn 2011, bls. 86. Að mati ráðuneytisins kunna því ákvarðanir heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar að falla undir hið almenna eftirlit ráðuneytis sveitarstjórnarmála með sveitarfélögum, sbr. XI. kafla sveitarstjórnarlaga.

Álitaefni þess máls snýr að þeim skyldum sveitarfélaga sem fjallað er um í lögum nr. 7/1998 og í reglugerð um loftgæði frá 1999. Í 7. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1998 er kveðið á um að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu gefa út áætlun um loftgæði á sínu svæði þar sem m.a. skal koma fram tímaáætlun, aðgerðir og stefnumörkun til að bæta loftgæði og viðbragðsáætlanir sem taka til skammtímaáæðgerða varðandi loftgæði á þeirra svæði. Eins og rakið er að ofan eru meginskyldur sveitarfélaga skv. reglugerð um loftgæði að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að gildandi umhverfismörk séu virt og semja aðgerðaáætlanir sem gilda skulu um skammtímaráðstafanir ef hætta er á að fari verði yfir umhverfismörk, sbr. 6., 14., 15. gr. og 16. gr. reglugerðarinnar. Af ákvæðunum má hins vegar ráða að umræddar skyldur hvíla sameiginlega á viðkomandi heilbrigðisnefndum og Umhverfisstofnun og rakið er í umsögn Umhverfisstofnunar í málinu hvernig samvinnu aðila er háttáð í þessum efnum.

Í máli þessu liggur ekki annað fyrir en að heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar hafi uppfyllt ákvæði 7. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1998 og gefið út áætlun um loftgæði á sínu svæði og viðbragðsáætlun og þá er ljóst af umsögn Umhverfisstofnunar að stofnunin gerir ekki athugasemdir við umræddar áætlanir Reykjavíkurborgar. Auk þess bendir stofnunin á í umsögn sinni að ákvæði 6. gr. reglugerðar um loftgæði, sem mælir fyrir um heimildir heilbrigðisnefnda og Umhverfisstofnunar til að takmarka umferð, byggir ekki á nægilega skýrri lagstoð að mati stofnunarinnar og þær ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvæðinu skarast á við heimildir sveitarstjórnar eða Vegagerðarinnar samkvæmt umferðarlögum. Stofnunin telur sig því einungis geta farið í ráðstafanir líkt og aukna upplýsingagjöf til almennings á grundvelli greinarinnar ella myndi hún brjóta gegn lögmatísreglu stjórnsýsluréttar þar sem skortur er á viðhlítandi lagaheimild í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ljóst er að mati ráðuneytisins að þær skyldur sem hvíla á stjórnvöldum og snúa að því að minnka mengun og bæta loftgæði hvíla bæði á Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga en tekið skal fram að innviðaráðuneytið hefur ekki stjórnskipulegt eftirlitshlutverk með starfsemi Umhverfisstofnunar og er því ekki valdbært til að fjalla um ákvarðanir stofnunarinnar. Eins og rakið er að framan kunna hins vegar athafnir eða athafnaleysi heilbrigðisnefnda sveitarfélaga við framkvæmd laga nr. 7/1998 að falla undir hið almenna stjórnsýslueftirlit ráðuneytisins með sveitarfélögum skv. XI kafla sveitarstjórnarlaga. Vegna hins nána eftirlitssambands Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga á þessu sviði telur ráðuneytið hins vegar að ákveðin skilyrði verði að vera fyrir hendi til að ráðuneytið fjalli formlega um stjórnsýslu sveitarfélags að þessu leyti. Skilyrðin eru að annað hvort þarf að liggja fyrir afstaða Umhverfisstofnunar eða umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um að athafnir eða athafnaleysi sveitarfélags séu ekki í samræmi við lög eða að afdráttarlausar vísbendingar séu til staðar um slíka vanrækslu sveitarfélags.

Í ljósi þess að ekkert liggur fyrir um að Umhverfisstofnun geri athugasemd við athafnir eða athafnaleysi Reykjavíkurborgar við framkvæmd laga nr. 7/1998, né að afdráttarlausar vísbendingar séu um að Reykjavíkurborg uppfylli ekki umræddar skyldur, telur ráðuneytið að ekki sé tilefni til að fjalla formlega um stjórnsýslu Reykjavíkurborgar í tengslum við framkvæmd laga nr. 7/1998, á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Að þessu sögðu telur ráðuneytið þó ástæðu til að taka undir sjónarmið Umhverfisstofnunar varðandi ákvæði 6. gr. reglugerðar um loftgæði og bendir á að ólíklegt sé að lagastoð sé fyrir þeim íþyngjandi heimildum sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Hins vegar vill ráðuneytið áréttta að í 85. gr.

umferðalaga, nr. 77/2019, er mælt fyrir um heimildir sveitarstjórnar, eða Vegagerðarinnar þegar um þjóðveg er að ræða, til að takmarka eða banna umferð um stundarsakir á vegi eða svæði þegar mengun er yfir heilsufarsmörkum eða hætta er talin á að svo verði. Til grundvallar slíku banni skal liggja fyrir rökstuðningur fyrir takmörkun umferðar vegna mengunar, studdur mælingarniðurstöðum og mengunarspám. Í 3. mgr. 85. gr. er mælt fyrir um að takmarkanir skuli gefnar til kynna með umferðarmerkjum og auglýsingum á opinberum vettvangi, ásamt því sem mögulegar takmarkanir eru nefndar. Líkt og sérstaklega er tekið fram í greinargerð frumvarps þess sem varð að umferðarlögum er ekki um tæmandi talningu að ræða. Samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins er ráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um úrræði og við hvaða kringumstæður grípa megi til takmarkana. Þrátt fyrir að ekki hafi verið gefin út reglugerð sem mælir nánar fyrir um framkvæmd ákvæðisins, er það mat ráðuneytisins að í 4. mgr. 85. gr. umferðarlaga felist einungis heimild ráðherra til að útfæra mögulegar takmarkanir og hvenær má grípa til þeirra, en ekki heimild til að bæta við gildandi heimildir. Að mati ráðuneytisins er reglugerð á grundvelli ákvæðisins því ekki forsenda þess að veghaldara sé unnt að takmarka umferð um stundarsakir vegna mengunar enda eru skilyrði þess að heimildinni sé beitt og þau úrræði sem má beita tilgreind í lagaákvæðinu sjálfu.

Með vísan til framangreinds er máli þessu lokið af hálfu ráðuneytisins. Vegna þeirra sjónarmiða sem rakin eru af hálfu ráðuneytisins í málinu varðandi túlkun á 85. umferðarlaga, telur ráðuneytið ástæðu til senda bréf þetta til Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til kynningar.

Fyrir hönd ráðherra

Aðalsteinn Þorsteinsson

Björn Ingi Óskarsson

Dr. Aðalheiður Jóhannsdóttir og  
Dr. Gunnlaug Helga Einarsdóttir

Reykjavík, 8. febrúar 2023  
Tilvísun: 2023010211/25.24

## Efni: Svar við erindi Dr. Aðalheiðar Jóhannsdóttur og Dr. Gunnlaugar Helgu Einarsdóttur um aðgerðir gegn loftmengun

Vísað er til erindis Aðalheiðar Jóhannsdóttur og Gunnlaugar Helgu Einarsdóttur dags. 21. janúar, þar sem óskað er upplýsinga um til hvaða ráðstafana heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur gripið til samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 920/2016 í því skyni að bregðast við niðurstöðum mælinganna vegna styrks NO<sub>2</sub> svo tryggt verði að ekki sé farið yfir

klukkustundargildin samkvæmt B-þætti I. viðauka framangreindrar reglugerðar. Jafnframt er óskað leiðbeininga um kæruehimild vegna athafnaleysis verði ekki brugðist tafarlaust við.

Reykjavíkurborg setti sér viðbragðsáætlun um loftgæði árið 2009 sem tekur til skammtímaaðgerða sem gripið er til þegar loftgæði eru slæm eða líkur eru á að þau verði það, sjá [https://reykjavik.is/sites/default/files/vidbragdsaaetlun\\_um\\_loftgaedi\\_3.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/vidbragdsaaetlun_um_loftgaedi_3.pdf). Borgin var fyrsta sveitarfélagið sem setur sér slíka viðbragðsáætlun þó kveðið sé á um það að slíkt sé skylt skv. loftgæðareglugerð. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sendir út viðvaranir þegar loftgæði eru slæm þar sem hvatt er til þess að draga úr umferð og nota vistvæna ferðamáta og þeir sérstaklega varaðir við sem eru viðkvæmir fyrir. Tilkynningar eru sendar á fjölmíðla, skóla, leikskóla, dagmæður og íþróttafélög, auk þess sem þær eru birtar á heimasíðu borgarinnar. Heilbrigðiseftirlitum landsins er skylt að senda tilkynningar þegar loftgæði eru slæm en Reykjavík er eftir því sem við best vitum eina sveitarfélagið sem sinnir því markvisst. Heilbrigðiseftirlitið vill einnig benda á að auk viðbragðsáætlunar um loftgæði, sem tekur til skammtímaaðgerða, þá hefur Reykjavíkurborg í sínum langtímaáætlunum unnið að aðgerðum til að bæta loftgæði. Þétting byggðar, takmörkun á hámarkshraða, þróun Borgarlínu, uppbygging hjóla- og göngustígakerfis auk stuðnings við uppbyggingu innviða fyrir rafmagnsbíla eru þar á meðal.

Þó að tekið sé fram í reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði að heilbrigðisnefndir geti gripið til aðgerða s.s. að takmarka umferð séu loftgæði slæm, þá liggur fyrir að sú heimild er engan veginn fullnægjandi og í raun ekki nýtanleg. Bæði er það að heimildin sem teljast verður íþyngjandi er einungis í reglugerð en á ekki stöð í lögum auk þess sem lögreglan hefur ekki talið sig geta brugðist við á grundvelli hennar. Þannig hefur lögreglan m.a. bent á á að hún gæti ekki framfylgt slíkum takmörkunum án sérstakra heimilda.

Með nýjum umferðarlögum nr. 77/2019 var kveðið á um heimild til handa veghöldurum, sveitarstjórn og Vegagerðinni til að takmarka umferð vegna mengunar. Í kjölfar þess hófu umhverfis- og skipulagssvið og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þegar vinnu við að kanna hvaða aðgerðir væru mögulegar. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kannaði hvaða aðgerðum hefur verið beitt í nágrannalöndunum og var haft samband við lögreglu, Vegagerðina og heilbrigðiseftirlit hinna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna þessa. Beðið var reglugerðar með nánari útfærslu á lagaheimildinni þar sem m.a. lögreglan taldi sig ekki hafa

næga leiðbeiningu til að geta beitt sér, enda ljóst að takmörkunum á umferð verður ekki beitt án aðkomu lögreglu. Drög að reglugerð um takmarkanir og bann veghaldara við umferð vélknúinna ökutækja um stundasakir vegna loftmengunar komu í samráðsgátt 6. janúar 2021 og gaf Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur umsögn um hana. Niðurstöður samráðs hafa ekki verið birtar og reglugerðin ekki komið út. En eins og segir hefur ákveðin forvinna verið unnin.

Þegar köfnunarefnisdíoxíðsmengun var mjög mikil í lok síðasta árs og byrjun þessa, vegna veðuráðstæðna, sendi Heilbrigðiseftirlitið út tilkynningar til að vara við slæmum loftgæðum sbr. viðbragðsáætlun. Í kjölfarið hefur aftur verið farið af stað í þá vinnu að tala við þá aðila sem koma þurfa að málum við beitingu ákvæðis umferðarlaga. Fundur um málið var haldinn með Vegagerðinni, lögreglu og Umhverfisstofnun með það í huga að ná samstarfi þessara aðila og bregðast við að því marki sem mögulegt er. Það var mat borgarinnar eftir þann fund að samhljómur væri með þessum aðilum að grípa þyrfti til aðgerða en að sama skapi að núverandi lagaheimildir væru takmarkaðar. Ljóst er að það þarf umtalsverða vinnu til að finna út hvernig skuli staðið að takmörkunum á umferð, s.s. varðandi skiltun, upplýsingagjöf og eftirfylgni auk þess sem tryggja verður fullnægjandi heimildir laga og reglugerða. M.a. bíður lögreglan eftir reglugerð um skiltun fyrir breytilegan hámarkshraða.

Reykjavíkurborg hefur því brugðist við og sinnt skyldum sínum varðandi loftmengun en taka ber fram að hún er ekki eini veghaldarinn í borginni. Flestar eða allar stærstu umferðaræðar í borginni eru stofnbrautir á vegum Vegagerðarinnar og höfuðborgarsvæðið er allt eitt svæði umferðarlega séð og því getur borgin ekki gripið til eða ákveðið aðgerðir ein og sér. Borgin mun leiða áframhaldandi vinnu varðandi frekari aðgerðir og að henni lokinni verður viðbragðsáætlun um loftgæði uppfærð í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar verða að loknu samráði og samvinnu allra hlutaðeigandi aðila.

Hvað varðar leiðbeiningar um kærheimild vegna athafnaleysis telur Heilbrigðiseftirlitið það ekki eiga við með vísan í framangreint.

Virðingarfyllt  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir  
deildarstjóri Umhverfiseftirlits

Svava S. Steinarsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

Meðfylgjandi:

Viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um loftgæði

[https://reykjavik.is/sites/default/files/vidbragdsaaetlun\\_um\\_loftgaedi\\_3.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/vidbragdsaaetlun_um_loftgaedi_3.pdf)



Innviðaráðuneytið  
Sölvhólsgrötu 7  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. júlí 2023  
Tilvísun: 2023070253

## **Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um stjórnslukæru Aðalheiðar Jóhannsdóttur og Gunnlaugar Helgu Einarsdóttur þar sem kært er aðgerðarleysi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur vegna loftmengunar í Reykjavík**

Vísað er til tölvubréfs innviðaráðuneytisins til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) dags. 5. júní 2023 þar sem tilkynnt er að ráðuneytinu hafi borist stjórnslukæra Aðalheiðar Jóhannsdóttur og Gunnlaugar Helgu Einarsdóttur þar sem kært er aðgerðarleysi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur vegna loftmengunar í Reykjavík. Kæran ásamt fylgigögnum voru meðfylgjandi sem viðhengi og óskar ráðuneytið eftir gögnum og umsögn Reykjavíkurborgar vegna málsins. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) fer hér á eftir.

### **Kæruefni - kröfur:**

Skv. kærubréfi Aðalheiðar Jóhannsdóttur og Gunnlaugar Helgu Einarsdóttur til innviðaráðuneytisins dags. 1. apríl 2023 er kært aðgerðarleysi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur vegna loftmengunar í Reykjavík, einkum af völdum köfnunarefnisdíoxíðs í árslok 2022 og byrjun árs 2023 og er staðhæft að nefndin hafi hvorki aðhafst né gripið til raunverulegra aðgerða í samræmi við fyrirmæli laga og reglugerða til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun. Gerð er krafa um að innviðaráðherra grípi til aðgerða gagnvart nefndinni svo hún fari að lögum eftirleiðis við sambærilegar aðstæður og tryggi ásættanleg loftgæði. Loks er gerð sú krafa að stjórnsluka HER sé sérstaklega skoðuð þar sem eftirlitið virðist hafa tekið yfir lögbundið hlutverk heilbrigðisnefndar.

### **Verkaskipting heilbrigðisnefndar og heilbrigðiseftirlits:**

HER vill byrja á að ávarpa þá fullyrðingu að það hafi tekið yfir lögbundið hlutverk heilbrigðisnefndar. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eru sjálfstæðar eftirlitsstofnanir sem ekki eru undir stjórn sveitarstjórnar/borgarstjórnar heldur heyra beint undir heilbrigðisnefnd sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samkvæmt lögnum er landinu skipt upp í heilbrigðiseftirlitssvæði og starfar heilbrigðiseftirlit á hverju þeirra í umboði viðkomandi heilbrigðisnefndar. HER starfar eins og önnur eftirlit í umboði heilbrigðisnefndar sbr. 2. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 49. gr. laganna.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur er fjölskipað stjórnvald sem starfar samkvæmt samþykkt fyrir heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar. Nefndin fundar einu sinni í mánuði að jafnaði samkvæmt dagskrá sem ákveðin er af formanni í samráði við framkvæmdastjóra HER.



Formaður fer samkvæmt samþykktinni með forsvar fyrir nefndina um stefnumótun og ákvarðanir hennar og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokki nefndarinnar.

Í framangreindri samþykkt kemur einnig fram að HER starfi í umboði heilbrigðisnefndar (1. gr.) og annist framkvæmd stefnu og verkefna auk þess að sjá um samskipti við stofnanir borgarinnar (2. gr.) og að framkvæmdastjóri HER beri ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar í samræmi við skilyrði laga nr. 7/1998. Í viðauka 2.2. við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar um fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum er svo fjallað um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra HER. Þar segir m.a. í 1. gr. að framkvæmdastjóri HER beri, fyrir hönd heilbrigðisnefndar, ábyrgð á daglegum rekstri heilbrigðiseftirlitsins, svo sem ákvörðunum um ráðningu heilbrigðisfulltrúa, vinnslu umsagna um fagleg málefni og annarri umsýslu eftir því sem við á. Hjá HER starfa svo heilbrigðisfulltrúar í umboði heilbrigðisnefndar, sbr. 49. gr. laga nr. 7/1998, og sjá um að framfylgja þeim lögum og reglugerðum sem undir eftirlitið heyra á grundvelli fagþekkingar og heimildar frá ráðherra til að starfa sem slíkir. Af þessu er ljóst að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með yfirumsjón þeirra málaflokka sem henni eru faldir, mótastefnu og tekur ákvarðanir. Heilbrigðiseftirlitið, framkvæmdastjóri þess og heilbrigðisfulltrúar fara með heilbrigðiseftirlit frá degi til dags í samræmi við lög og stefnumótun heilbrigðisnefndar. Öll dagleg umsýsla heilbrigðiseftirlits er því í höndum framkvæmdastjóra og heilbrigðisfulltrúa. Reglubundið eftirlit með loftgæðum og stjórn viðbragðsteymis vegna loftgæða er því sinnt af heilbrigðisfulltrúum sem hafa til þess fagþekkingu, en nefndin er upplýst um stöðu mála eftir þörfum. Eins sjá heilbrigðisfulltrúar, að beiðni framkvæmdastjóra, um að svara inn komnum erindum og umsagnarbeiðnum.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki tekið undir þá fullyrðingu kæranda að HER hafi tekið sér hlutverk heilbrigðisnefndar. Þvert á móti er verkaskipting skýr og engin rök fyrir því að skoða stjórnarsýslu eftirlitsins nánar. Heilbrigðiseftirlitið, framkvæmdastjóri þess og heilbrigðisfulltrúar, gegnir því hlutverki sem því er ætlað samkvæmt lögum og stefnumótun heilbrigðisnefndar.

### **Meint aðgerðarleysi heilbrigðisnefndar vegna loftmengunar:**

Kært er aðgerðarleysi heilbrigðisnefndar vegna loftmengunar, sérstaklega vegna köfnunarefnisdíoxíðs í árslok 2022 og ársbyrjun 2023. Það er því ekki verið að kæra eingöngu viðbrögð við því ástandi sem skapaðist á ákveðnu tímabili heldur nær kæran til allrar þátta er varðandi eftirlit og aðgerðir vegna loftgæða í borginni.

HER ítrekar að það starfar í umboði heilbrigðisnefndar og sér um eftirlit og aðgerðir vegna loftgæða. HER hefur um árabil verið leiðandi í þessum málaflokki og hóf vöktun á loftgæðum árið 1990. Í dag rekur heilbrigðiseftirlitið tvær færanlegar mælistöðvar sem færðar eru milli staða í borginni til að kortleggja loftgæði, gjarnan í nágrenni skóla og leikskóla. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur samþykkti 2. mars 2009 viðbragðsáætlun um loftgæði sem tekur til skammtímaaðgerða sem gripið er til þegar loftgæði eru slæm eða líkur eru á að þau verði það. Með því varð Reykjavíkurborg fyrsta sveitarfélagið hér á landi til að hafa slíka viðbragðsáætlun í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, sbr. einnig 36. gr. laga nr. 7/1998. Áætlunin var endurskoðuð árið 2012 og aftur árið 2020 og





uppfærð til samræmis við gildandi reglur og viðmið. Viðbragðsáætlunin tilgreinir skammtímaaðgerðir sem grípa skal til ef hætta er á að farið verði yfir umhverfis- og/eða viðmiðunarmörk og til að draga úr þeirra hættu sem slík atvik skapa og stytta tímann sem þau vara. HER vinnur í samræmi við samþykktu viðbragðsáætlun. Viðbragðsteymi skipað fulltrúum HER, fulltrúa skrifstofu samgöngustjóra, fulltrúa skrifstofu rekstrar- og umhirðu og fulltrúa frá Vegagerðinni sér um að framfylgja áætluninni. HER leiðir teymið, vaktar loftgæðin og kallar eftir aðgerðum skv. áætluninni. Í kærinni segir að hvergi komi fram í lögum eða reglugerðum hvernig viðbragðsteymi sé tengt heilbrigðisnefnd og svo virðist sem að um heimatilbúna stjórnslueiningu sé að ræða. HER bendir á í þessu sambandi að tilvist og verklag viðbragðsteymis er tilgreint í viðbragðsáætlun sem heilbrigðisnefnd Reykjavíkur samþykkir. Ekki er um að ræða stjórnslueiningu heldur samráðsvettvang þar sem þeir aðilar sem koma þurfa að aðgerðum eru leiddir saman. Meðal aðgerða sem um ræðir eru rykbinding gatna til að draga úr svifryksmengun, götuþrif, kröfur um dekkjapvott og vökvun á byggingarsvæðum auk leiðbeiningar um efnisval og aðferðir til hálkvarna. Þá sendir HER út viðvaranir, skv. áætluninni, þegar loftgæði eru slæm eða hætta á að svo verði, þar sem hvatt er til þess að dregið sé úr umferð, notast við vistvæna ferðamáta og þeir sérstaklega varaðir við sem eru viðkvæmir fyrir. Tilkynningar eru sendar fjölmiðlum, skólum, leikskólum, dagmæðrum og íþróttafélögum, auk þess sem þær eru birtar á heimasíðu og facebook-síðu borgarinnar og facebook-síðu HER. Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er skylt samkvæmt reglugerð nr. 787/1999 að senda út tilkynningar þegar loftgæði eru slæm. HER sinnir þessari skyldu en er ekki kunnugt um að því sé sinnt jafn markvisst á öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum. HER vill einnig benda á að auk viðbragðsáætlunar um loftgæði, sem tekur til skammtímaaðgerða, þá hefur Reykjavíkurborg í sínum langtímaáætlunum unnið að aðgerðum til að bæta loftgæði. Þétting byggðar, takmörkun á hámarkshraða, þróun Borgarlínu, uppbygging hjóla- og göngustígakerfis auk stuðnings við uppbyggingu innviða fyrir rafmagnsbíla eru þar á meðal.

HER hefur einnig, í samráði við önnur svið Reykjavíkurborgar, staðið fyrir auglýsingaherferðum gegn notkun nagladekkja og lausagangi bifreiðavéla auk þess að afmarka svæði til að beina flugeldanotkun á og beita sér fyrir takmörkun flugeldanotkunar. Þá hefur HER og hvatt til notkunar almenningssamgangna á “gráum dögum” í samvinnu við Strætó bs., HER hefur haldið fræðsluerindi og málþing um loftgæði, verið með fræðslu á íbúafundum og gefið umsagnir er varða loftgæði í skipulagstillögum, umhverfismati og drögum að lögum og reglugerðum. Fulltrúar HER hafa auk þess komið fram í fjölmiðlum og varað við loftmengun, tilgreint hvaða heilsufarsáhrif hún getur haft, hvatt almenning og fyrirtæki til að nýta sér umhverfisvæna ferðamáta, stunda fjarvinnu og forðast útivist við uppsprettu mengunar.

Auk almenns loftgæðaeftirlits gerir HER kröfur til allra fyrirtækja með starfsemi sem hefur í för með sér loftmengun um viðeigandi hreinsibúnað og aðrar aðgerðir til að draga úr þeirri mengun. HER er í nánú samstarfi við Umhverfisstofnun (UST) um vöktun loftgæða og ákvörðun aðgerða og fær faglegar leiðbeiningar og stuðning frá stofnuninni eftir því sem við á. Loks má benda á að sérfræðingar HER hafa starfað í stýrihóp umhverfis,- orku og loftslagsráðuneytisins um endurskoðun landsáætlunar um loftgæði, Hreint loft til framtíðar. HER getur í ljósi framangreinds ekki fallist á að það hafi, fyrir hönd heilbrigðisnefndar, sýnt af sér aðgerðarleysi vegna loftmengunar í borginni. Þvert á móti hefur HER í samræmi við viðbragðsáætlun gripið til viðeigandi aðgerða og nýtt öll þau tækifæri og verkfæri sem til



boða hafa staðið til að koma í veg fyrir mengun, bregðast við henni og upplýsa og fræða almenning um hana.

Hvað varðar þann þátt kærunnar er fjallar um köfnunarefnisdíoxíðsmengun í desember 2022 og janúar 2023 og meint aðgerðarleysi heilbrigðisnefndar, það er að ekki hafi verið gripið til raunverulegra aðgerða svo koma mætti í veg fyrir eða draga úr menguninni eins og það er orðað í kærinni, þá er því hafnað að HER í umboði heilbrigðisnefndar hafi ekki brugðist við í samræmi við skyldur sínar lögum og reglum samkvæmt.

Umrædd köfnunarefnisdíoxíðsmengun varð vegna sérstakra veðuraðstæðna, nánar til tekið vegna þess að langvarandi stillur leiddu til þess að gasmengun frá bílaumferð lokaðist inni í borginni vegna hitaskila. Skv. upplýsingum Veðurstofu er óvenjulegt að vetrarstillur vari í jafn langan tíma og þær gerðu í janúarbyrjun 2023. Viðbrögð HER við þessu ástandi voru að senda út tilkynningar til að vara við slæmum loftgæðum sbr. viðbragðsáætlun. Heilbrigðisfulltrúi kom einnig fram í fjölmiðlum til að vara við ástandinu og hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að draga úr umferð. Einnig var farið yfir heilsufarsáhrif köfnunarefnisdíoxíðs og nauðsyn þess að draga úr umferð bíla knúnum jarðefnaeldsneyti, sérstaklega dísilbifreiða. HER kynnti vöktun og viðbrögð við köfnunarefnisdíoxíðsmenguninni á fundi heilbrigðisnefndar dags. 12. janúar 2023.

Ljóst er að HER getur sjálft ekki haft beina aðkomu að umferðarstýringu, sem ætla má að sé áhrifamesta aðgerðin til að draga úr koldíoxíðsmengun á borð við framangreint. Slík aðgerð yrði alltaf að vera í höndum lögreglu og eftir atvikum veghaldara þrátt fyrir ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 787/1999. Samkvæmt því ákvæði geta heilbrigðisnefndir takmarkað umferð og aðra starfsemi á ákveðnum svæðum um skemmri tíma fari mengun verulega yfir gildandi umhverfismörk. Heimild þessi er engan veginn fullnægjandi og ekki nýtanleg. Heimildin, sem teljast verður íþyngjandi, á sér ekki viðeigandi lagastoð, þ.e. hana er einungis að finna í reglugerð. Við gerð viðbragðsáætlunar 2009 var það skoðað sérstaklega af lögfræðingum borgarinnar hvort mögulegt væri að stöðva eða takmarka umferð á grundvelli ákvæðisins en niðurstaðan var sú að það væri ekki hægt vegna þess að lagastoð skorti. Fyrir liggur einnig að vegna skorts á valdheimildum telur lögregla sig ekki geta brugðist við á grundvelli fyrirmæla HER í umboði heilbrigðisnefndar byggt á framangreindu ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 787/1999. Þessi skilningur er einnig staðfestur af UST, sbr. svarbréf innviðaráðuneytisins dags. 7. júní 2023 til Lögmáls ehf. vegna kvörtunar umbjóðanda fyrirtækisins, Landverndar, til ráðuneytisins vegna meintrar ólögmætrar stjórnsýslu Reykjavíkur við eftirlit og aðgerðir vegna loftmengunar. Afrit af bréfinu var sent HER til upplýsingar 8. júní sl. Í bréfinu tekur innviðaráðuneytið undir sjónarmið UST vegna 6. gr. reglugerðar um loftgæði og telur ólíklegt að lagastoð sé fyrir þeim íþyngjandi heimildum sem mælt er fyrir í reglugerðinni. HER telur því ekki að færa þurfi frekari rök fyrir því að ekki hafi verið hægt að grípa til aðgerða á grundvelli þessarar heimildar.

Með nýjum umferðarlögum nr. 77/2019 er kveðið á um heimild til handa sveitarstjórn eða Vegagerðinni (veghöldurum), þegar um þjóðveg að ræða, til að takmarka eða banna umferð um stundarsakir á vegi eða svæði þegar mengun er yfir heilsufarsmörkum eða hætta er talin á að svo verði, sbr. 2. mgr. 85. gr. laganna. Athuga ber að heilbrigðisnefnd fær ekki þessa heimild skv. lögnum. Í kjölfar gildistöku laganna hófu umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og HER þegar vinnu við að kanna hvaða aðgerðir væru mögulegar og



hvernig mætti að útfæra þær. HER kannaði hvaða aðgerðum hefur verið beitt í nágrannalöndunum og var haft samband við lögreglu, Vegagerðina og heilbrigðiseftirlit hinna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna þessa. Allir þessir aðilar töldu þurfa nánari útfærslu á því hvenær og hvernig ætti að beita heimildinni. Beðið var reglugerðar með nánari útfærslu á lagaheimildinni m.a. þar sem lögreglan taldi sig ekki hafa næga leiðbeiningu til að geta beitt sér, en ljóst er að takmörkunum á umferð verður ekki beitt án aðkomu lögreglu sem þarf að framfylgja þeim. Drög að reglugerð um takmarkanir og bann veghaldara við umferð vélknúinna ökutækja um stundasakir vegna loftmengunar voru birt í samráðsgátt 6. janúar 2021 og skilaði HER umsögn um hana. Niðurstöður samráðs hafa ekki verið birtar og reglugerðin hefur ekki komið út. En eins og segir hefur ákveðin forvinna verið unnin.

HER vill í þessu sambandi nefna að þegar upp kom það mengunarástand sem hér er til umræðu í lok árs 2022 og upphafi árs 2023 boðaði samgöngustjóri Reykjavíkur til fundar um samstarf og samráð um aðgerðir til að bregðast við mengun eða fyrirsjáanlegri mengun á grundvelli umferðarlaga. Fundur var haldinn með HER, Vegagerðinni, lögreglu og UST með það í huga að ná samstarfi þessara aðila og bregðast við að því marki sem mögulegt væri. Það var mat borgarinnar eftir þann fund að samhljómur væri með þessum aðilum um að grípa þyrfti til aðgerða en að sama skapi að núverandi lagaheimildir væru takmarkaðar. Ljóst er að það þarf umtalsverða vinnu til að finna út hvernig skuli staðið að takmörkunum á umferð, s.s. varðandi skiltun, upplýsingagjöf og eftirfylgni auk þess sem tryggja verður fullnægjandi heimildir og leiðbeiningar í lögum og reglugerðum. M.a. bíður lögreglan eftir reglugerð um skiltun fyrir breytilegan hámarkshraða og eins sakna allir hlutaðeigandi aðilar þess að ekki hafi verið gefin út reglugerð um takmarkanir á umferð vegna loftmengunar að loknu samráði 2021. Skv. bréfi innviðaráðuneytisins til Lögmáls ehf. 7. júní, sem áður var vísað til, telur innviðaráðuneytið að heimildin og þær aðgerðir sem mælt er fyrir í 85. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, nægjanlegar til að unnt sé að grípa til takmarkanna, ekki sé þörf á nánari útfærslu í reglugerð. Fara þarf yfir það álit með hópnum og taka ákvörðun um næstu skref.

Samgöngustjóri Reykjavíkur stofnaði stýrihóp í kjölfar þessara funda sem mun halda áfram samtalinu milli aðila og útfæra aðgerðir og mun Reykjavíkurborg leiða áframhaldandi vinnu. Að henni lokinni verður viðbragðsáætlun um loftgæði uppfærð, eftir því sem við á, í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar verða að loknu samráði og samvinnu allra hlutaðeigandi aðila. Mun HER þá fá tækifæri til að mæla fyrir um aðgerðir í samstarfi við Vegagerðina, sveitarfélög, önnur heilbrigðiseftirlit og lögreglu. Vert er að taka fram að Reykjavíkurborg er ekki eini veghaldarinn í borginni. Flestar eða allar stærstu umferðaræðar í borginni eru stofnbrautir á vegum Vegagerðarinnar og höfuðborgarsvæðið er allt eitt svæði umferðarlega séð. Umferðarstraumar koma inni í borgina frá Suðurnesjum, Vesturlandi, Suðurlandi og öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Aðgerðir til að takmarka umferð yrðu alltaf að vera samvinnuverkefni sveitarfélaga, heilbrigðiseftirlits og Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er raunhæft að Reykjavíkurborg og HER geti gripið til eða ákveðið jafn íþyngjandi ráðstafanir og takmörkun umferðar ein og sér.

### Niðurstaða:

Í ljósi alls þess sem að framan hefur verið rakið telur HER ljóst að kæra sú sem hér um ræðir á ekki við nokkur rök að styðjast. HER hefur beitt sér og brugðist við mengun eða fyrirsjáanlegri mengun í samræmi við lög og reglur og nýtt öll þau tækifæri sem boðist hafa



til að vinna að bættum loftgæðum auk þess að upplýsa og fræða almenning þegar loftgæði eru slæm eða líkur er á að svo getið orðið og hvetja til aðgerða sem dregið geta úr mengun. Allar áskanir um aðgerðaleyfi eru því úr lausu lofti gripnar og eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Stjórnvöld geta ekki farið út fyrir valdsvið sitt og því þarf að líta til löggjafans sé vilji til þess að heilbrigðisnefndir eða heilbrigðiseftirlit fyrir þeirra hönd geti brugðist við með öðrum og meira íþyngjandi hætti en lög leyfa í dag.

HER starfar í umboði heilbrigðisnefndar og framkvæmdastjóri þess fer með ábyrgð á daglegri starfsemi og gætir þess að lögum, reglum, stefnumótun heilbrigðisnefndar og öðrum ákvörðunum hennar svo sem ákvörðun um viðbragðsáætlun um loftgæði sé framfylgt. Heilbrigðisnefndin er svo reglulega upplýst um gang mála svo hún geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Fyrirkomulag þetta er að fullu í samræmi við lög og í samræmi við það sem gerist á öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum. Ásökunum um annað er því hafnað enda algjörlega órökstuddar.

Að lokum er það mat HER að áskilnaður 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um aðild að stjórnslumáli sé ekki uppfyllt í máli þessu. Í fyrsta lagi er ekki um tiltekna stjórnvaldsákvörðun að ræða, né aðstæður þar sem borið hefði að taka slíka ákvörðun, í öðru lagi uppfylla kærendur ekki skilyrði um aðild að slíku máli þó það fyrirfyndist þar sem ekki hefur verið sýnt fram á einstaklega lögvarða hagsmuni, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Þegar af þeim ástæðum ber að vísa kærinni frá en telji ráðuneytið rétt að kveða upp efnisúrskurð er það mat HER með vísan til framangreinds að hafna beri öllum kröfum kæranda.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Tómas G. Gíslason  
Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
Verkefnastjóri

Meðfylgjandi:

Kynning HER fyrir heilbrigðisnefnd 12. janúar 2023, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar um fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum, samþykkt fyrir heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

## Samþykkt fyrir heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar

### 1. gr.

#### Umboð

Heilbrigðisnefnd er kjörin af borgarstjórn skv. 45. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og starfar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur starfar í umboði heilbrigðisnefndar sbr. 2. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 49. laga nr. 7/1998 og skv. viðauka 2.2. við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

### 2. gr.

#### Verksvið

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með að framfylgt sé ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerða samkvæmt þeim, samþykktum Reykjavíkurborgar á verksviði nefndarinnar og ákvæðum í öðrum lögum eða reglum sem nefndinni er falið að annast framkvæmd á. Heilbrigðisnefnd tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið hennar. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með því að samþykktum og stefnumörkun sé fylgt.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur annast framkvæmd stefnu og verkefna OG sér um samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

### 3. gr.

#### Verkefni

Heilbrigðisnefnd fer m.a. með eftirtalin verkefni:

- a. Hefur eftirlit með og stuðlar að bættri framkvæmd mengunar-, hollustuhátta og matvælamála í Reykjavík.
- b. Gefur út starfsleyfi, annast skráningar og sinnir eftirliti með starfsleyfis- og skráningarskyldri starfsemi í Reykjavík.
- c. Semur drög að heilbrigðissamþykktum sem lagðar eru fyrir borgarstjórn og staðfestar af ráðherra, s.s. samþykktir um úrgang, fráveitu, vatnsvernd, hundahald og kattahald, og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.
- d. Gerir tillögur til borgarráðs að gjaldskrár fyrir gjaldskylda þjónustu skv. ákvæðum laga.
- e. Sinnir fræðslu og veitir leiðbeiningar til almennings og lögaðila.

### 4. gr.

Heilbrigðisnefnd skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Jafnframt framfylgir heilbrigðisnefnd m.a. eftirfarandi samþykktum í Reykjavík:

1. Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæmda Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarbæjar
2. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs
3. Samþykkt um rotþrær
4. Samþykkt um skipulag og framkvæmdir í Elliðaárdal
5. Samþykkt um gæludýrahald
6. Samþykkt um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár
7. Samþykkt um hesthús og hesthúshverfi
8. Samþykkt um hæsnahald í Reykjavík utan landbúnaðarsvæða
9. Samþykkt um búfjárhald
10. Samþykkt um kattahald

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur framfylgir eftirfarandi samþykkt í samvinnu við Dýraþjónustu Reykjavíkur.

1. Samþykkt um hundahald

5. gr.

*Skipan*

Heilbrigðisnefnd er skipuð sex fulltrúum, fimm kjörnum af borgarstjórn og einum tilnefndum af Samtökum atvinnulífsins, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Varamenn eru kjörnir/tilnefndir með sama hætti. Borgarstjórn kýs formann heilbrigðisnefndar en nefndin kýs sér sjálf varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jafnt í nefndinni. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar.

Heilbrigðisnefnd getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Til kynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

6. gr.

*Verkstjórn og verkaskipting*

Formaður heilbrigðisnefndar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir hennar, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar í samræmi við skilyrði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir auk reksturs og stjórnsýslu Heilbrigðiseftirlitsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

7. gr.

*Boðun funda og fundarsköp*

Heilbrigðisnefnd heldur að jafnaði einn fund í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja nefndarmanna um fund í nefndinni ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra og stýrir fundum nefndarinnar. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í nefndinni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði hennar. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, eftir því sem við á.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skal sitja fundi heilbrigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi Umhverfisstofnunar og forstjóri heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefndar. Umhverfis- og skipulagsráð, sem gegnir hlutverki Náttúruverndarnefndar Reykjavíkurborgar á rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina til viðbótar en hann hefur ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála. Jafnframt hefur sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs rétt til setu á fundum nefndarinnar. Þá getur heilbrigðisnefnd boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

8. gr.

*Fundaskipulag og ritun fundargerða*

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Heilbrigðisnefnd skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar um fundargerðir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og skipulagssvið leggur nefndinni til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal nefndarinnar. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

9. gr.

*Samráð*

Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum nefndarinnar. Auk lögbundins samráðs skal nefndin leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í nefndinni sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

10. gr.

*Fjármál*

Starfsáætlun og fjárhagsáætlun heilbrigðisnefndar er hluti af starfs- og fjárhagsáætlun umhverfis- og skipulagssviðs. Framkvæmdastjóri leggur fram starfs- og fjárhagsáætlanir til kynningar í nefndinni.

11. gr.

*Ráðningar*

Heilbrigðisnefnd ræður framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að fenginni tillögu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður heilbrigðisfulltrúa.

12. gr.

*Fullnaðarafgreiðslur*

Um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fer skv. viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

13. gr.

*Málsmeðferð*

Við undirbúning og afgreiðslu mála skal gæta að málmeðferðarreglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Aðili getur óskað frekari rökstuðnings, skv. 21 og 22. gr. stjórnarsýslulaga. Beri aðili fram kvörtun skal eftir því sem við á leiðbeina viðkomandi um réttarstöðu sína, kæruleiðir og annað sem lýtur að málsmeðferð.

Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laganna.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð frá 18. júní 2019.

*Samþykkt í borgarstjórn  
20. september 2022*



**Viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum**

**VIÐAUKI 1.1.**

**Um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.**

1. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar:

- a. Öll mál sem skulu hljóta afgreiðslu sveitarstjórnar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. 6. gr. laganna, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, svo sem afgreiðslu skipulagslýsinga, deiliskipulagsáætlana samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Undanskildar eru ákvarðanir um auglýsingu og afgreiðslu á svæðis-, aðal- og deili- og hverfisskipulagi en þær ákvarðanir eru ávallt háðar samþykki borgarráðs. Hið sama gildir um auglýsingu og afgreiðslu á tillögum að breytingum á slíkum áætlunum.
- b. Ákvörðun um afgreiðslu á deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, ef engar athugasemdir berast á auglýsingatíma.
- c. Ákvarðanir um breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem þurfa samþykki eða samráð við lögreglustjóra og almannavarnarnefnd, sbr. 84.-86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Umhverfis- og skipulagsráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt liðum a.-c. til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur í fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs, sbr. a.-c.-lið 1. gr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráðs taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu ráðsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekens frests, sbr. 52. gr. skipulagslaga.

**VIÐAUKI 1.2**

**Um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002**

I. kafli

**Grundvöllur**

1. gr.

*Grundvöllur*

Samþykkt þessi er sett á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, hér eftir barnaverndarlög. Þar tilgreindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur, hér eftir Barnavernd eða Barnavernd Reykjavíkur, er í reglum þessum falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í samþykkt þessari hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur hefur hvor sem er framkvæmdastjóri eða skrifstofustjóri heimild til að taka slíka ákvörðun.

## 2. gr.

### *Skilgreining á hugtökum*

*Deildarstjórar* eru deildarstjórar teyma með starfsheitið deildarstjóri þjónustumiðstöð eða deildarstjóri Barnaverndar.

*Framkvæmdastjóri* er starfandi framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur á hverjum tíma.

*Framkvæmdastjórn* er samsett af framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra.

*Lögfræðingur* er lögfræðimenntaður starfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur með starfsheitið lögfræðingur 3, lögfræðingur 4 eða lögfræðingur 5.

*Meðferðarfundur* er fundur teymis, þar sem fram fara umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð og lagt mat á stefnu máls. Meðferðarfundir eru að jafnaði haldnir vikulega.

*Ráðgjafi* er starfsmaður sem starfar á skrifstofu ráðgjafar í teymi og telst sérhæft starfsfólk í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi Barnaverndar eða ráðgjafi Barnaverndar.

*Skrifstofustjóri* er skrifstofustjóri ráðgjafar í barnavernd eða skrifstofustjóri lögfræði og stjórnsýslu.

*Starfsmaður* er starfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur.

*Teymi* eru teymi ráðgjafa hjá Barnavernd Reykjavíkur. Teymin eru: Bráða- og viðbragðsteymi, könnunar- og meðferðarteymi yngri barna, könnunar- og meðferðarteymi eldri barna, könnunar og meðferðarteymi barna af erlendum uppruna og ofbeldismál og fósturteymi.

*Úthlutunarfundur* er vikulegur fundur skrifstofustjóra og deildarstjóra bráða- og viðbragðsteymis þar sem teknar eru ákvarðanir um könnun máls og úthlutun tiltekinnna mála til starfsmanna. Í fjarveru deildarstjóra bráða- og viðbragðsteymis getur annar deildarstjóri setið fundinn fyrir hans hönd. Í fjarveru skrifstofustjóra getur framkvæmdastjóri eða deildarstjóri setið fundinn fyrir hans hönd.

## 3. gr.

### *Heimildir og umboð starfsmanna*

Í forföllum eða fjarveru framkvæmdastjóra leysir skrifstofustjóri framkvæmdastjóra af. Í forfjöllum eða fjarveru skrifstofustjóra leysir framkvæmdastjóri hann af nema framkvæmdastjóri feli tilteknum deildarstjóra umboð skrifstofustjóra meðan á fjarveru stendur.

## 4. gr.

### *Starfslið*

Framkvæmdastjóri ræður starfslið Barnaverndar eða veitir skrifstofustjóra eða deildarstjórum umboð til þess í einstökum ráðningum.

Framkvæmdastjóra er heimilt að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Framkvæmdastjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni innan heimilda barnaverndarlaga og sveitarstjórnarlaga hverju sinni. Þá er framkvæmdastjóra heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða sambýla á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

## 5. gr.

### *Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustna*

Deildarstjóri getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi, þó barn hafi fasta búsetu í Reykjavík. Sömuleiðis getur deildarstjóri samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi Barnaverndar Reykjavíkur þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga, með síðari breytingum.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun vegna barns sem statt er í Reykjavík en hefur fasta búsetu annars staðar getur ráðgjafi, í samráði við deildarstjóra, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

## II. kafli Upphaf og könnun barnaverndarmáls

### 6. gr.

#### *Nafnleynd*

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en Barnavernd Reykjavíkur, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd getur lögfræðingur, skrifstofustjóri eða framkvæmdastjóri tekið ákvörðun um um slíka beiðni.

Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísvitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur skrifstofustjóri tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur skrifstofustjóri óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

### 7. gr.

#### *Ákvörðun um könnun máls*

Pegar tilkynning berst skal starfsmaður taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að vísa máli til úthlutunarfundar til ákvarðanatöku eða hvort ekki sé ástæða til að hefja könnun.

Skrifstofustjóri og deildarstjóri bráða- og viðbragsteymis taka ákvörðun á úthlutunarfundi um að hefja könnun máls. Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Skrifstofustjóri og deildarstjóri bráða- og viðbragsteymis taka ákvörðun um hvort fresta eigi tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga.

Ef brýna nauðsyn ber til hefur ráðgjafi, að höfðu samráði við deildarstjóra, heimild til að hefja könnun án þess að úthlutunarfundur hafi fjallað um málið.

Pegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar deildarstjóri málinu í vinnslu til ráðgjafa.

### 8. gr.

#### *Úthlutun annarra mála*

Mál sem heyra undir Barnavernd Reykjavíkur en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga skal deildarstjóri úthluta í vinnslu til starfsmanna.

### 9. gr.

#### *Skipan talsmanns*

Pegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal ráðgjafi að höfðu samráði við deildarstjóra taka afstöðu til þess í bókun hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

### 10. gr.

#### *Könnun máls*

Ráðgjafi sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáraðila, þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi. Ráðgjafi fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga. Ráðgjafi tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns.

Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um lokun máls eftir könnun, sbr. 1. mgr. 23. gr.

Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun áframhaldandi vinnslu máls með tillögu að meðferðaráætlun, sbr. 23. gr., að höfðu samráði á meðferðarfundi.

### 11. gr.

#### *Lögreglurannsókn*

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og skrifstofustjóra ákvörðun um að óska lögreglurannsóknar. Leita skal samþykkis forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn eftir atvikum. Framkvæmdastjóri skal upplýstur um að máli hafi verið vísað í lögreglurannsókn.

12. gr.

*Neyðarráðstafanir*

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir Barnavernd Reykjavíkur getur ráðgjafi að höfðu samráði við deildarstjóra og með samþykki framkvæmdastjóra eða skrifstofustjóra ef ekki næst í framkvæmdastjóra, framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Ráðgjafi að höfðu samráði við deildarstjóra getur tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra, með samþykki forsjáraðila. Framkvæmdastjórn skal gert viðvart um neyðarráðstöfun svo skjótt sem auðið er.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga lýsir er ráðgjafa heimilt, að höfðu samráði við deildarstjóra og með samþykki framkvæmdastjóra eða skrifstofustjóra ef ekki næst í framkvæmdastjóra, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

III. kafli

**Ráðstafanir barnaverndarþjónustu**

13. gr.

*Áætlun um meðferð máls*

Ráðgjafi, í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirritar áætlunina f.h. Barnaverndar Reykjavíkur.

Ráðgjafi skal gera einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra tekur ákvörðun um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

14. gr.

*Framkvæmd meðferðaráætlunar*

Ráðgjafi skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Ráðgjafi getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 652/2004.

15. gr.

*Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns*

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra getur, með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri mælt fyrir um að:

- a. Barnavernd Reykjavíkur taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
- b. Barnavernd Reykjavíkur taki við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns, sbr. a. og b. lið skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

Ákvörðun um að taka við forsjá og ákvörðun um vistun eða fóstur sem varir í eða ætlað er að vara samfelld í 6 mánuði eða lengur skal staðfest af framkvæmdastjórn.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Að jafnaði skal ákvörðun tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr.

*Vinnsla máls meðan vistun og fóstur varir*

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal ráðgjafi fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á

vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um að tryggja umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera umgengnissamning, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af fóstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr.

*Úrræði án samþykkis foreldra*

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra, að höfðu samráði við lögfræðing og framkvæmdastjórn, tekur ákvörðun með bókun um að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð gegn vilja foreldra og barns sem er 15 ára eða eldra í samræmi við 26. – 29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

18. gr.

*Úrræði vegna ófæddra barna*

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra, að höfðu samráði við lögfræðing og framkvæmdastjórn, tekur ákvörðun um að sett skuli fram krafa fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

19. gr.

*Endurskoðun ráðstafana*

Ráðgjafi og deildarstjóri taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi og skal kynnt framkvæmdastjórn.

20. gr.

*Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann*

Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi og skal kynnt framkvæmdastjórn.

21. gr.

*Fyrirsvar fyrir dómi*

Framkvæmdastjóri fer með fyrirsvar fyrir Barnavernd Reykjavíkur fyrir dómi. Ráðgjafi og deildarstjóri, að höfðu samráði við lögfræðing Barnaverndar Reykjavíkur, taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi dómkvadds mats, kærðu og áfrýjun mála til æðri dómstóla o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða falla frá máli skulu staðfestar af framkvæmdastjóra eða skrifstofustjóra í hans fjarveru.

IV. kafli

**Ráðstöfun barna í fóstur**

22. gr.

*Fóstur*

Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Ráðgjafi og deildarstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í fóstursamningi, svo sem forsjárskyldur fósturforeldra, fósturtíma, greiðslur til fósturforeldra, umgengni í fóstri, stuðning við barn og fósturforeldra og annað sem máli skiptir.

23. gr.

*Beiðni um fósturheimili og val á fósturforeldrum*

Ráðgjafi sendir beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr.

804/2004. Ráðgjafi undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Ráðgjafi skal leita umsagnar forsjarlauss foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

24. gr.

*Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns*

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til Barnaverndar Reykjavíkur getur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

Með ákvörðun ráðgjafa og deildarstjóra, að undangengu samráði á meðferðarfundi, sem staðfest skal af framkvæmdastjórn er heimilt, ef hagsmunir barns eru taldir best tryggðir með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins.

25. gr.

*Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða*

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. tekur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra ákvörðun um að hitt foreldrið taki við umsjá þess.

Að höfðu samráði við meðferðarfund og með samþykki deildarstjóra og ef það er talið barni fyrir bestu getur ráðgjafi tekið ákvörðun um að aðrir taki við umsjá en hitt foreldrið.

26. gr.

*Fóstursamningur*

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal ráðgjafi ganga frá fóstursamningi og undirrita f.h. Barnaverndar Reykjavíkur.

Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal ráðgjafi meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun fóstursamnings taka ráðgjafi og deildarstjóri ákvörðun með bókun þar um, að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra getur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra með rökstuddum úrskurði breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæránlegur til úrskurðarnefndar velferðarmála.

27. gr.

*Greiðslur til fósturforeldra*

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarpörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fósturi með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013.

Sé fjárhæð fósturlauna eða greiðslur í styrktu fósturi hærri en sem nemur 25 földu meðlagi þarf framkvæmdastjórn að samþykkja slíka ákvörðun.

Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi taka afstöðu til beiðninnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

28. gr.

*Slit fóstursamnings*

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um geta ráðgjafi og

deildarstjóri með samþykki skrifstofustjóra breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddum úrskurði.

29. gr.

*Framfærsluskýlda foreldra*

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum getur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fóstri að hluta eða öllu leyti. Ef ekki næst samkomulag skal afgreiða málið með rökstuddri bókun.

30. gr.

*Umgengni í fóstri*

Við ráðstöfun barns í fóstur skal ráðgjafi hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangenginni bókun meðferðarfundar.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni getur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi og við framkvæmdastjórn gert tillögu um að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 81. og 74. gr. barnaverndarlaga.

31. gr.

*Leyndur dvalarstaður*

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um hvort halda eigi dvalarstað barns leyndum og kynnir aðila máls þá ákvörðun sína. Aðili máls getur borið þá ákvörðun undir umdæmisráð barnaverndar sem kveður upp úrskurð í samræmi við 7. mgr. 74. gr. og 8. mgr. 81. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal kynnt framkvæmdastjórn til staðfestingar.

V. kafli

**Málsmeðferð barnaverndarmála**

32. gr.

*Aðgangur að gögnum máls*

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að höfðu samráði við lögfræðing, tekur ákvörðun um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal kynnt framkvæmdastjórn til staðfestingar.

33. gr.

*Aðstoð lögmanns*

Framkvæmdastjórn samþykkir reglur um greiðslur fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannsaðstoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

Lögfræðingur tekur ákvörðun um greiðslu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur Barnaverndar Reykjavíkur um greiðslur fjárstyrks.

VI. kafli

**Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga**

34. gr.

*Sumardvöl á vegum Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur*

Starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð umsókna um sumardvöl á vegum Barnaverndar Reykjavíkur, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Að því loknu skal ráðgjafi með samþykki deildarstjóra afgreiða umsóknina með bókun.

35. gr.

*Stuðningsfjölskyldur*

Starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð umsókna um að gerast stuðningsfjölskylda á vegum Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur, sbr. VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Deildarstjóri afgreiðir umsókn með bókun og afgreiðir leyfi.

36. gr.

*Heimili og önnur úrræði á vegum Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur*

Starfsmenn skulu sjá um að útbúa umsóknir, afla leyfa, gera samninga við vistunaraðila skv. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004, hafa samskipti við Barna- og fjölskyldustofu og aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004.

37. gr.

*Útvistun mála samkvæmt þessum kafla*

Framkvæmdastjóri getur gert samninga við starfseiningar eða stofnanir Reykjavíkurborgar til að sjá um afgreiðslu umsókna, gerð umsagna, öflun leyfa, gerð greinargerða, gerð samninga og annað sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

VII. kafli

**Umsagnarmál**

38. gr.

*Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999*

Ráðgjafi annast könnun mála vegna umsagnar Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999 og gengur frá umsögn með samþykki deildarstjóra.

VIII. kafli

**Endurupptaka**

39. gr.

*Endurupptaka mála*

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá framkvæmdastjóra Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji framkvæmdastjórinn að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 1.3

**Um fullnaðarafgreiðslur kjaranefndar Reykjavíkurborgar.**

1. gr.

Kjaranefnd Reykjavíkur afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar.

- a. Ákvarðanir um laun embættismanna Reykjavíkurborgar. Laun skulu vera þannig ákvörðuð að ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða nema kjaranefnd ákveði það sérstaklega.
- b. Ákvarðanir um orlof og orlofslaun embættismanna.
- c. Kjaranefnd skal fylgjast með launasetningu þeirra embættismanna sem höfð eru til viðmiðunar við ákvörðun kjara embættismanna Reykjavíkurborgar og tryggja að embættismenn borgarinnar njóti sambærilegra hækkana og embættismenn ríkisins. Einnig ber nefndinni að endurskoða viðmiðin eftir þörfum.
- d. Kjaranefnd skal taka við athugasemdum og ábendingum embættismanna sem heyra undir ákvörðun nefndarinnar varðandi launamál þeirra.
- e. Kjaranefnd skal fylgjast með launaákvörðunum sviðsstjóra. Sviðsstjóri skal, við ákvörðun um laun þeirra sem undir hann heyra, tryggja að launin séu innan ramma



Þess launakerfis og launstefnu sem kjaranefnd hefur markað með úrskurðum sínum á hverjum tíma. Skylt er sviðsstjóra að kynna kjaranefnd tillögur sínar að launaákvörðunum áður en þær eru kynntar hlutaðeigandi starfsmanni og koma til framkvæmda.

f. Kjaranefnd skal kynna hlutaðeigandi embættismönnum ákvarðanir sínar samkvæmt 1. gr. og verklagsreglur sínar.

Kjaranefnd getur ávallt vísað málum skv. 1. gr. til afgreiðslu borgarráðs og er það skylt ef einn nefndarmaður krefst þess.

2. gr.

Framangreindar ákvarðanir kjaranefndar samkvæmt 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við ákvörðun kjaranefndar eða kemur á framfæri kvörtun skal kjaranefnd leiðbeina honum um réttarstöðu sína, og meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal kjaranefnd taka málið upp að nýju.

## VIÐAUKI 2.1

### Um embættisafgreiðslur skrifstofustjóra borgarstjórnar.

1. gr.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar:

- a. Skrifstofustjóri borgarstjórnar gefur sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu umsagnir um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða skv. 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, enda sé umsögnin í samræmi við málsmeðferðarreglur borgarráðs um veitingastaði og gististaði. Með sama hætti gefur hann umsagnir um tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi skv. 17. og 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- b. Skrifstofustjóri borgarstjórnar afgreiðir erindi til borgarráðs og borgarstjórnar til umsagnar, kynningar eða meðferðar einstakra nefnda og ráða, embættismanna eða aðila utan Reykjavíkurborgar.

2. gr.

Afgreiðslur skrifstofustjóra skv. 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skrifstofustjóra borgarstjórnar skal skrifstofustjóri vísa málinu til afgreiðslu borgarráðs.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skrifstofustjóra skv. 1. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga.

## VIÐAUKI 2.2

### Um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar.

#### 1. gr.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber, fyrir hönd heilbrigðisnefndar, ábyrgð á daglegum rekstri heilbrigðiseftirlitsins, svo sem ákvörðunum um ráðningu heilbrigðisfulltrúa, vinnslu umsagna um fagleg málefni og annarri umsýslu eftir því sem við á.

#### 2. gr.

Framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er heimilt að taka eftirfarandi ákvarðanir í stað heilbrigðisnefndar eftir því sem nánar er tilgreint í þessari grein samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 48. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998:

- a. Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis og skráningu fyrir atvinnurekstur sem er talinn upp í IV. viðauka við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, X. viðauka við reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og viðauka við reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- b. Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis og skráningu til þeirra sem framleiða eða dreifa matvælum og matvælasnertiefnum í samræmi við ákvæði 9. og 20. gr. laga um matvæli nr. 93/1995.
- c. Ákvörðun um endurskoðun og breytingu starfsleyfis skv. 2. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- d. Ákvörðun um útgáfu tóbakssöluleyfis skv. 11. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002.
- e. Ákvörðun um útgáfu leyfis til hæsnahalds skv. 2. gr. samþykktar um hæsnahald í Reykjavík, utan skipulagðra landbúnaðarsvæða nr. 815/2014.
- f. Ákvörðun um álagningu dagsekta og upphæð þeirra skv. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 30. gr. a. laga nr. 93/1995 um matvæli.
- e. Ákvörðun um stöðvun eða takmörkun á starfsemi til bráðabirgða á grundvelli 63. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 3. gr.

Framkvæmdastjóri gefur skrifstofu borgarstjórnar umsagnir um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða skv. d lið 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, tækisfærileyfi og tímabundin áfengisleyfi, í umboði heilbrigðisnefndar, samkvæmt heimild í 2. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. ákvæði í a-lið 1. gr. viðauka 2.1 við samþykkt þessa.

#### 4. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt vísað málum skv. 2. gr. til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu framkvæmdastjóra skal framkvæmdastjóri vísa málinu til afgreiðslu heilbrigðisnefndar.

#### 5. gr.

Afgreiðslur framkvæmdastjóra, skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar.

#### 6. gr.

Við afgreiðslu mála, skv. 2. og 3. gr. samþykktarinnar, skal gæta að málmeðferðarreglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Aðili máls getur óskað frekari rökstuðnings, skv. 21 og 22. gr. stjórnarsýslulaga. Að öðru leyti skal eftir því sem við á leiðbeina aðila um réttarstöðu sína, kæruleiðir og annað sem lýtur að málmeðferð.

## VIÐAUKI 2.3

### Um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.

#### 1. gr.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs, þau mál sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir skipulagslög nr. 123/2010, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni sveitarstjórna í lögunum, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar:

#### 2. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða eftirtalin mál á afgreiðslufundi sínum, sbr. 1. gr.:

- a. Skipulagsfulltrúa er heimilt að ákveða að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ef minniháttar athugasemdir berast á athugasemdartíma við grenndarkynningu er skipulagsfulltrúa heimilt að afgreiða slík mál án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Minniháttar athugasemdir skal meta með hliðsjón af skuggavarp, innsýn eða byggðamynstri og mögulegri skerðingu á hagsmunum nágretta.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að fresta afgreiðslu erinda þegar liggur fyrir ákvörðun Reykjavíkurborgar um að hefja vinnslu deiliskipulags- eða hverfisskipulags fyrir viðkomandi svæði. Ekki er heimilt að fresta erindi í lengri tíma en í 12 mánuði frá því að umsókn berst nema skipulagsfulltrúi telji málefnalegar ástæður vera fyrir hendi til að veita lengri frest.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða mál skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga þ.e. að víkja frá kröfum 2. mgr. 43. gr. laganna um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn þegar kemur að útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga hafi engar eða minniháttar athugasemdir hafi borist á athugasemdartíma.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda, sbr. 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, sbr. 1. mgr. 48. gr. skipulagslaga.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að senda Skipulagsstofnun samþykta deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið og engar eða minniháttar athugasemdir borist við og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42. gr. skipulagslaga nema umhverfis- og skipulagsráð eða borgarráð ákveði annað.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögunnar skv. 5. ml. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúi er heimilt að framlengja frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.

- b. Skipulagsfulltrúi afgreiðir mál sem varða meðferð og útgáfu framkvæmdaleyfa. Skipulagsfulltrúa er heimilt að leita eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúa er heimilt að samþykkja og gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við skipulag.

- c. Skipulagsfulltrúi getur, með þriggja mánaða fyrirvara, lagt á dagsektir á framkvæmdaleyfishafa hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í eitt ár. Skipulagsfulltrúa er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta

af atferli sem er ólögmaett. Skipulagsfulltrúi hefur eftirlit með útgefnum framkvæmdaleyfum.

- d. Skipulagsfulltrúa er heimilt að stöðva framkvæmd sé hún hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brjóti í bága við skipulag, það hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað. Nú stöðvast framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd í eitt ár eða lengur og getur skipulagsfulltrúi þá fellt framkvæmdaleyfið úr gildi.
- e. Skipulagsfulltrúa er heimilt að framsenda, vísa frá eða synja erindum sem beint er til umhverfis- og skipulagsráðs og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

### 3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

### 4. gr.

Skipulagsfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

### 5. gr.

Um afgreiðslu skipulagsfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykkt borgarstjórnar er til þeirra taka.

### 6. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa skv. 2. gr., skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnarsýslulaga. Óski aðili eftir endurupptöku máls skal honum leiðbeint um heimild til að óska eftir því hjá borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka málið upp að nýju.

Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan mánaðar frá birtingu deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## VIÐAUKI 2.4

### Um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa.

#### 1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál er falla undir mannvirkjalög nr. 160/2010 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar:

#### 2. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru nafngiftir á götum, vegum og torgum. Nafnanefnd sem skipuð er af umhverfis- og skipulagsráði gerir tillögur að nöfnum á götum, vegum og torgum sem byggingarfulltrúi leggur fyrir umhverfis- og skipulagsráð til afgreiðslu. Kjörtímabil nafnanefndar skal vera hið sama og borgarstjórnar.

#### 3. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmála og öðrum samþykktum Reykjavíkurborgar um byggingarmál. Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu borgarstjórnar með sama hætti og samþykktir skv. 2. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010.

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál, sbr. lög nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindarmála. Skal aðilum leiðbeint með kærufrest þegar um kæranlega ákvörðun er að ræða.

## VIÐAUKI 2.5

### Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar:

2. gr.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Ráðningu skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, sbr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- b. Ráðningu byggingarfulltrúa Reykjavíkur, sbr. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- c. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs er heimilt að afgreiða, eða fela samgöngustjóra að afgreiða, eftirtalin mál:

- a. Ákvarðanir um breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar sem þurfa samþykki lögreglustjóra samkvæmt 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, aðrar en ákvarðanir um hvaða götur skuli vera göngugötur, ákvarðanir um leyfilegan hámarkshraða og ákvarðanir um gjaldskyldu stöðureita.
- b. Ákvarðanir um uppsetningu umferðarmerkja í samræmi við 1. mgr. 13. gr. sbr. 88. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

4. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

5. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. eða 3. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

6. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skv. 2. gr. eða 3. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal taka málið upp að nýju.

## VIÐAUKI 2.6

### Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

#### 1. gr.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar.

#### 2. gr.

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Ráðning leikskólastjóra, sbr. 6. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
- b. Ráðning skólastjóra grunnskóla, sbr. 11. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
- c. Veita leyfi til dagforeldra og hafa jafnframt lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi, þ.m.t. að svipta þá leyfi tímabundið, eins og kveðið er á um í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, sbr. einnig 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.
- d. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.
- e. Ákveða staðsetningu starfseininga á vegum skóla- og frístundasviðs vegna tímabundinna breytinga til tólf mánaða að hámarki.

#### 3. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skóla- og frístundaráðs.

#### 4. gr.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu skóla- og frístundaráðs.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal sviðsstjóri vísa málinu til afgreiðslu borgarráðs.

#### 5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal taka málið upp að nýju.

## VIÐAUKI 2.7

### Um embættisafgreiðslur samgöngustjóra.

#### 1. gr.

Samgöngustjóri afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 59. gr. samþykktar þessarar:

#### 2. gr.

Samgöngustjóra er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Ákvarðanir um breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar sem þurfa samþykki lögreglustjóra samkvæmt 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, aðrar en ákvarðanir um hvaða götur skuli vera göngugötur, ákvarðanir um leyfilegan hámarkshraða og ákvarðanir um gjaldskyldu stöðureita.
- b. Ákvarðanir um uppsetningu umferðarmerkja í samræmi við 1. mgr. 13. gr. sbr. 88. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

#### 3. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

4. gr.

Samgöngustjóri getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

5. gr.

Um afgreiðslu samgöngustjóra gilda, eftir því sem við á, ákvæði umferðarlaga nr. 77/2019 með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykkt borgarstjórnar er til þeirra taka.

6. gr.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu samgöngustjóra skv. 2. gr., skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnarsýslulaga. Óski aðili máls eftir endurupptöku máls skal honum leiðbeint um heimild til að óska eftir því hjá borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka málið upp að nýju.



# Loftgæðin í Reykjavík áramótin 2022/2023 og niturdíoxíð mengun fyrstu daga ársins

Svava S. Steinarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi



# Svifryk

Svifryksmengun er ein af helstu ástæðum heilbrigðisvandans sem rekja má til loftmengunar í borgum

Svifryk í dag talið það efni sem helst leiðir til ótímabærra dauðsfalla en óson fylgir fast á eftir

Svifryk er fínasta gerð rykagna sem eiga greiða leið í öndunarferin (minni en 10  $\mu\text{m}$ )

Aldraðir, börn og þeir sem eru með undirliggjandi öndunarfæra- og/eða hjarta-sjúkdóma eru viðkvæmastir

# Fínt svifryk

---

Fína svifrykið, PM<sub>2,5</sub> og PM<sub>1</sub> eru þær agnir fara lengst niður í lungun og komast í blóðrásina

---

Svifryk sem er 0,1 µm til 1 µm í þvermál getur svifið um í loftinu í marga daga, jafnvel vikur, og því borist langar leiðir frá uppsprettunum

---

Magn agna í öndunarfærum barna getur verið 2-4 sinnum meira en hjá fullorðnum einstaklingum og börn eru einnig sérlega útsett fyrir neikvæðum heilsufarsáhrifum loftmengunar

---

Rannsóknir hafa sýnt að dánartíðni vegna allra orsaka eykst um 6-13% fyrir hverja 10 µg/m<sup>3</sup> aukningu í PM<sub>2,5</sub> en um 0,2-0,6% fyrir hver 10 µg/m<sup>3</sup> vegna PM<sub>10</sub>

---


Atburðir með háum styrk svifryksmengunar geta valdið heilablóðföllum, hjartaáföllum, hjartsláttartruflunum, hærri blóðþrýstingi jafnvel hjá yngri einstaklingum (undir 55 ára) og skyndidauða

Heilsuverndarmörk  
fyrir fína svifrykið

Það eru engin klukkustundar-  
eða sólarhringsmörk fyrir PM  
2,5 á Íslandi, aðeins leyfilegt  
ársmeðaltal sem er  $20 \mu\text{g}/\text{m}^3$

WHO mælir með að  
sólarhringsheilsuverndarmörk  
fyrir PM<sub>2,5</sub> séu  $25 \mu\text{g}/\text{m}^3$

# Stærð svifryks



# Áramót 2022-23

---

Veðurspá gerði ráð fyrir vindi og úrkomu á gamlárstag og nýársnótt. Við slíkar aðstæður nær svifryksmengun ekki að verða eins há og langvarandi

---

Umhverfisstofnun hvatti fólk til að draga úr flugeldanotkun um áramótin og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sendi út fréttatilkynningu til að vara við svifryksmengun og hvatti til líka til minni notkunar flugelda

---

Svifryksgildi voru hækkuð síðustu klst. ársins 2022 og fyrstu klst. ársins 2023 en féllu hratt. Veðrið og minni flugeldasala þýddu minni mengun

# PM 10 fyrstu 3 klst ársins

<b>Mælistöð</b>	<b>Kl. 00-01: Míkrógrömm á rúmmetra</b>	<b>Kl. 01-02: Míkrógrömm á rúmmetra</b>	<b>Kl. 02-03: Míkrógrömm á rúmmetra</b>
Grensás	362	6,0	3,0
Farstöð I Vesturbæjarlaug	72,8	6,8	3,6
Farstöð II Leikskólinn Lundur	17,4	5,1	6,0
Mælistöð Faxaflóahafna í Laugarnesi	5,6	12,3	9,1

# Styrkur PM10 við Grensásveg fyrstu klst. áráanna 2010-2023

Ár	Styrkur ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )
2023	362
2022	49
2021	653
2020	317
2019	985
2018	1457
2017	1451
2016	363
2015	215
2014	245
2013	475
2012	1014
2011	285
2010	1575

# PM2,5 og PM1 fyrstu 3 klst. ársins

## PM 2,5

Mælistöð	Kl. 00-01: Míkrógrömm á rúmmetra	Kl. 01-02: Míkrógrömm á rúmmetra	Kl. 02-03: Míkrógrömm á rúmmetra
Farstöð I Vesturbæjarlaug	62,0	3,2	3,0
Farstöð II Leikskólinn Lundur	13,9	1,8	2,2
Mælistöð Faxaflóahafna í Laugarnesi	2,9	8,4	5,5

## PM1

Mælistöð	Kl. 00-01: Míkrógrömm á rúmmetra	Kl. 01-02: Míkrógrömm á rúmmetra	Kl. 02-03: Míkrógrömm á rúmmetra
Farstöð I Vesturbæjarlaug	60,0	1,0	1,4
Farstöð II Leikskólinn Lundur	12,0	0,7	0,8
Mælistöð Faxaflóahafna í Laugarnesi	2,9	8,4	5,5



## Hæstu gildi

---

Hæstu gildi í mælistöðvunum við Vesturbæjarlaug og í Laugarnesi mældust síðustu klukkustundir ársins

---

Farstöð II – PM10: 52,0, PM2,5: 43,8, PM1: 42,6 - kl. 23-00  
31. desember

---

Mælistöð Laugarnesi – PM10: 29,9 PM2,5: 22,4, PM1: 22,4 - kl. 22-23 31. desember.

# Hlutfall fíns svifryks

---

Hlutfall fína svifryksins var hátt

---

Fyrstu klst ársins var PM<sub>2,5</sub> var 85% af PM<sub>10</sub> við Vesturbæjarlaug, PM<sub>1</sub> var 82%

---

Við leikskólann Lund var PM<sub>2,5</sub> var 80% af PM<sub>10</sub>, PM<sub>1</sub> var 69%, við Laugarnes var hlutfallið 50% fyrir bæði, s.s. fínna rykið var eingöngu PM<sub>1</sub>

---

Hættulegasta svifrykið er því í mesta magninu. Fínt svifryk er einkennandi fyrir mengun frá flugeldum

---

Almennt miðað við að fínasta svifrykið sé um 30% af umferðartengdu svifryki

# Sólarhringsmeðaltal svifryks 1. janúar 2023

<b>Mælistöð</b>	<b>Sólarhringur: PM 10 Míkrógrömm á rúmmetra</b>	<b>Sólarhringur: PM2,5 Míkrógrömm á rúmmetra</b>
Grensás	20,2	-
Mælistöð Faxaflóahafna í Laugarnesi	4,8	2,2
Farstöð I Vesturbæjarlaug	7,8	4,8
Farstöð II Leikskólinn Lundur	4,9	2,2

# Myndbönd frá gamlárskvöldi og nýársnótt



# Köfunarefnisdíoxíðsmengun 3.- 6. janúar 2023

Svava S. Steinarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi



## Köfnunarefnisdíoxíð

- Uppruni köfnunarefnisdíoxíðsmengunar er frá orkuverum, skipum og bílaumferð og myndast við bruna jarðefnaeldsneytis. Dieselbílar losa meira köfnunarefnisdíoxíð en bensínbílar þar sem bruni á sér stað við hærra hitastig og þrýsting í vélum þeirra
- Uppruni mengunarinnar í Reykjavík er að mestu frá bílaumferð og hafnarstarfsemi
- Köfnunarefnisdíoxíð (NO<sub>2</sub>) ertir lungu manna og dýra og meðal annars er talið að langvarandi álag á lungu af völdum NO<sub>2</sub> geti valdið lungnaskemmdum síðar á ævinni. Enn fremur getur hár styrkur köfnunarefnisoxíða orsakað plöntuskemmdir.

Við hvaða  
aðstæður  
er NO<sub>2</sub>  
hátt?

---

Í froststillum á veturna myndast hitahvarf, þá verður endurnýjun loftans sérlega dræm

---

Við þessar aðstæður verður styrkur mengunarefna mjög hár

---

Greinilegt slör af menguðu lofti liggur yfir borginni – brún rönd við sjóndeildarhring

Heilsuverndarmörk  
fyrir  
köfnunarefnisdíoxíð

---

Mörkin eru sett í reglugerð nr.  
920/2016

---

Sólarhringsmeðaltal  $75 \mu\text{g}/\text{m}^3$  –  
má fara yfir mörkin 7x á ári

---

Klukkustundarmeðaltal  $200 \mu\text{g}/\text{m}^3$  – má fara yfir mörkin 18x á  
ári

---

Ársmeðaltal  $40 \mu\text{g}/\text{m}^3$



Mengunin  
3.-6. janúar  
2023

---

Á tímabilinu fór köfnunarefnisdíoxíð 32x yfir klukkustundarheilsuverndarmörkin í mælistöðinni við Grensásveg

---

Styrkur fór yfir sólarhringsheilsuverndarmörkin á sama stað alla dagana, 4x

---

Styrkur fór einu sinni yfir sólarhringsheilsuverndarmörkin í mælistöðinni við Dalsmára í Kópavogi, þann 4. janúar


---

Há gildi mældust á öðrum mælistöðum þó ekki væri farið yfir mörk enda staðsettar fjær stórum umferðagötum

# Graf sem sýnir mengunina við Grensásveg

Reykjavík, Grensásvegur. Rekstraraðili er Umhverfisstofnun.

Tafla  Línurit 



# Hvað er til ráða?

Eina ráðið til að draga úr menguninni er að fækka bílum í umferð á mengunardögum

Heilbrigðiseftirlitið sendir tilkynningar og varar við mengun og hvetur til að nota vistvæna samgöngumáta og draga úr notkun bíla

Hægt er að beita fleiri aðferðum en nánari útfærslu vantar í reglugerð

# Mögulegar aðgerðir

---

Bann við akstri díselbifreiða

---

Bann við akstri á ákveðnum svæðum og/eða götum

---

Fækkun með banni á akstri bíla með númer sem enda á oddatölu eða sléttri tölu

---

Skilgreining bíllausra svæða

---

Gjald á mengandi bíla sem koma inn á ákveðin svæði

---

Frítt í strætó